



Í kvöld lýkur um það bil árs langri bið eftir leik íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu gegn Rúmeníu í undanúrslitum í umspili um laust sæti á EM 2020. Viðir Reynisson yfirlögregluþjónn kallaði leikinn samfélagslega mikilvægan enda væri verið að spila upp á milljarða en aðeins stuðningsveitin Tólfan fær að styðja strákana til sigurs. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Óeining í meirihlutanum um aðgerðir

Efasemdir eru meðal þingmanna og ráðherra í Sjálfstæðisflokknum um sóttvarnaaðgerðir heilbrigðisráðherra. Áhyggjur lúta að lögmæti og meðalhófi í aðgerðum og efnahagslegum og félagslegum áhrifum. Þá þurfi þingmenn að koma meira að ákvörðunum.

STJÓRNMÁL Óeining er innan þingmeirihlutans um sóttvarnaaðgerðir heilbrigðisráðherra, ekki síst í kjölfar síðustu auglýsinga ráðherrans um og eftir helgina.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa þrjú ráðherrar Sjálfstæðisflokksins verið í hópi efasemdamanna, þau Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir dómsmálaráðherra, Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir ferðamálaráðherra og Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra.

Ráðherrar bæði Framsóknarflokks og Vinstri grænna standi

» Þrjú ráðherrar Sjálfstæðisflokksins eru í hópi efasemdamanna um sóttvarnaaðgerðir.

hins vegar sem einn maður að baki heilbrigðisráðherra.

Heimildir blaðsins herma einnig að dregið hafi úr óeiningu um aðgerðirnar allra síðustu daga vegna þess á hve miklu skriði far-

aldurinn er. Hins vegar hafi vakið furðu bæði ráðherra og þingmanna flokksins að heilbrigðisráðherra hafi samþykkt nýjar tillögur sóttvarnalæknis um hertar aðgerðir á höfuðborgarsvæðinu í fyrrakvöld án þess að ræða þær fyrst í ríkisstjórn eins og venjan hefur verið.

Í þingflokknum gætir ekki aðeins óánægju meðal þeirra þingmanna sem tjáð hafa efasemdir sínar opinberlega. Margir í þingliði flokksins hafa áhyggjur af því að of langt sé gengið í að leyfa sérfræðingum að stýra ferðinni, enda verið að tak-

marka mjög athafnafrelsi fólks með aðgerðunum og eðlilegt að lýðræðislega kjörnir fulltrúar komi meira að ákvörðunartöku.

Ljóst er að Brynjar Nielsson hefur áhyggjur af lögmæti aðgerða heilbrigðisráðherra og telur of langt gengið á stjórnarskrárvarin réttindi einstaklinga og lýsti hann þeim áhyggjum sínum á opnum fundi stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar í gær. Þá hafa aðrir þingmenn lýst áhyggjum af því að meðalhófs sé ekki gætt við útfærslu einstakra aðgerða.

Að lokum hafa menn orðið verulegar áhyggjur af því að ekki sé tekið nægilega mikið tillit til afleiðinga aðgerðanna, bæði efnahagslega og félagslega.

„Rádstafanir vegna sóttvarnaaðgerða eru auðvitað stöðugt til umræðu á okkar vettvangi í þingflokknum og ný sjónarmið rædd um þau skref sem eru tekin. Að öðru leyti vil ég ekki tjá mig um umræður sem eiga sér stað á vettvangi þingflokksins,“ segir Birgir Ármannsson, formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins. – að

L200 INTENSE
FJÓRHJÓLADRIFINN
HARÐJAXL

33" breyttur
• Stengt fjórhjóladríf
• Hátt & lágt dríf
• Sjálfskiptur
• Breytingapakki
• Dráttarbeiði
• Heithúðun á palli


Tilboðsverð 7.690.000 kr.
35" uppfærsla 1.300.000 kr.

HEKLA · Laugavegur 170 · Sími 590 5000 · hekla.is/mitsubishisalur



MITSUBISHI
MOTORS
Drive your Ambition

Veður



Norðlæg eða breytileg átt 3-8 m/s og væta um landið norðanvert, en bjart með köflum og þurr að kalla sunnantil. Lítið eitt hvassara í kvöld. Hiti 2 til 8 stig að deginum.

SJÁ SÍÐU 24



Gífurleg eyðilegging hefur orðið í héraðinu Nagornó-Karabak.


Senda sáraroð til Armeníu

ARMENÍA Íslenska líftæknifyrirtækið Kerecis hefur gert samkomulag við Armena um að afhenda mikið magn af sáraroði fyrir hermenn sem hafa særst í stríðinu við Aserbaísjan. Þá er íslenskur læknir í Armeníu til að þjálfa armenska lækna í að nota sáraroði.


Átök milli Armena og Asera hafa staðið yfir í tæpar tvær vikur og eru þau hörðustu á milli þjóðanna í þrjá áratugi. Deilan snýst um yfirráð yfir fjallahéraðinu Nagornó-Karabak, sem er innan landamæra Aserbaísjan en undir stjórn Armena. Margir óttast að átökin geti breiðst út, en Armenar eru í hernáðarbandalagi með Rússum á meðan Aserar njóta liðsinnis Tyrkja. Talið er að hátt í 300 manns hafi látið lífið en dánartalan gæti verið mun hærri.

Alls fá Armenar 30 fermetra af sáraroði. Um er að ræða affrumað ómega-3 ríkt þorskroð sem lagt er á skaddaðan vef og byggir upp heilbrigða húð. Guðmundur Fertram Sigurjónsson, forstjóri Kerecis, segir að fyrirtækið leggi reglulega sitt af mörkum til að koma fólki í neyð til aðstóðar. „Við sendum talsvert magn af sáraroði til Nýja-Sjálands eftir eldgosid síðasta vetur. Síðan höfum við verið að senda sáraroð til þeirra sem eiga um sárt að binda vegna skógareldanna í Kaliforníu,“ segir Guðmundur. „Við fengum kall frá Armeníu um að þar væru margir slasaðir vegna hernáðarátaka, það er hluti af mannúðarstefnu fyrir-tækisins að hjálpa í slíkum aðstæðum.“ – ab

Brunað um í litadýrð á raffák



Margir nýta sér litla umferð á göngustígum með því að þeysast eftir þeim. Átján liggja á sjúkrahúsi og fjórir á gjörgæslu vegna COVID en um fjögur þúsund manns eru í sóttkví. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra blés í þjóðina baráttuanda í pistli á Facebook í gær. „Aldrei hefur verið mikilvægara að við stöndum vörð um heilsu og líffólks og að við gætum öll að okkur – ekki sjálfra okkar vegna heldur fyrir okkur öll.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Skrifstofur WOW Air voru eitt sinn til húsa í Katrínartúni 12 og 12a.

Vilja leyfi til að rífa hús WOW

SKIPULAGSMÁL Höfðatorg hefur óskað eftir því að að rífa niður Katrínartún 12 og 12a, sem áður hýsti skrifstofur WOW air. Katrínartún 12 er um 1.300 fermetrar að stærð og Katrínartún 12a er um 300 fermetrar. Í afgreiðslu byggingarfulltrúa kemur fram að rífi hafi verið frestað þar til ákveðið verði hvað eigi að koma í staðinn fyrir gömlu höfuðstöðvarnar.

Flugfélagið var úrskurðað gjaldþrota 28. mars í fyrra. Húsið stendur enn í einkennislit félagsins. – bb

Langaði bara að fá sér fjórar pútur í garðinn

Baldur Þórhallsson, sem langar í fersk egg úr garði sínum, telur misskilning valda því að honum er neitað um hænsnakofa. Skipulagsfulltrúi segir kofann vera ofan í lóðarmörkum. Baldur segir hefð fyrir nytjum út fyrir eignarlóðina.

DÝRAHALD „Mig hefur lengið langað í nokkrar pútur,“ segir Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði, sem sýnað hefur verið um að koma upp hænsnakofa við hús sitt og Felix Bergssonar á Starhaga 5.

Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík segir að hænsnakofinn á Starhaga 5 hafi átt að liggja alveg að lóðarmörkum og að gerðið umhverfis hann nái einfaldlega út fyrir lóðina. Hænsnakofar eigi að vera að minnsta kosti þrjú metra innan lóðarmarkna. Í umsögn skipulagsfulltrúa um málið er þess þó getið að eigendur hússins telji langa hefð fyrir því að nýtingarréttur þeirra nái út fyrir lóðina.

„Ég held að hér sé einhver misskilningur á ferðinni,“ segir Baldur Þórhallsson. „Hluti lóðar okkar er eignarlóð sem nær rétt út fyrir húsgrunninn en í tæplega hundrað ár hafa eigendur Starhaga 5 nýtt stærra svæði í kringum húsið. Nýlegar breytingar á deiliskipulagi vegna byggingarframkvæmda á Starhaga 1 og 3 taka fullt tillit til þessara lóðarmarkna á grundvelli nýtingarréttar hjá okkur.“

Sem fyrr segir hefur Baldur lengi langað til að halda hænur. „Við reynum að borða góðan og hollan morgunmat á hverjum morgni með því að steikja okkur egg og grænmeti og okkar langaði að fá fersk egg úr garðinum,“ segir hann. Þess utan séu dóttir þeirra og tengdasonur að byggja hús við hliðina á þeim. „Þau eru nýbúin að eignast barn og mig langaði að hafa fjórar pútur í garðinum sem við gætum skemmt okkur með ásamt barnabarninu í framtíðinni.“

Baldur tekur fram að fyrir liggi samþykki fyrir hænunum frá



Baldur Þórhallsson segir útlokað að hænsnakofi komist fyrir á sjálfri eignarlóðinni umhverfis Starhaga 5 til vinstri. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ég trúir ekki öðru en að okkur takist í samvinnu við Reykjavíkurborg að lifga upp á Vesturbæinn með því að hafa dálitinn hænsnakofa hjá okkur á Starhaganum.

Baldur Þórhallsson, íbúi á Starhaga 5

nágrönnum til beggja handa. Hann hafi í gær rætt við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur sem hann beindi ósk sinni um hæsnahaldið í upphafi til

og hefur átt í góðum samskiptum við. „Þeir segjast ekki vera alveg sáttir við svar skipulagsins og vilja kanna málið betur og eru að gera það,“ upplýsir hann.

Í ljósi kringumstæðna kveðst Baldur undrast að ekki hafi verið haft samband við hann frá borginni til að fá nánari upplýsingar áður en umsókninni var sýnað. Hann vonist enn til að kofinn risi. „Ég trúir ekki öðru en að okkur takist í samvinnu við Reykjavíkurborg að lifga upp á Vesturbæinn með því að hafa dálitinn hænsnakofa hjá okkur á Starhaganum.“

gar@frettabladid.is

SMINT 2 hours Clean Breath
TVEGGJA TÍMA FERSKLEIKI*

SMINT ÖRUGGUR ANDARDRÁTTUR

NYTT



HÚSASMÍÐJAN

FYRIR
ÞIG

blómaval
Hausterikurnar
á enn betra
verði

3 stk.
999 kr/3 stk.
~~1.797~~ kr/3 stk.

Sjáðu
verðið!

44%



Oktoberertilboð

Sjáðu
verðið!

AEG
79.990 kr
~~89.990~~ kr

AEG vottavél L6FBI48S
8 kg og 1400 snúninga. 1860502



25%

BLACK+
DECKER

11.995 kr
~~15.995~~ kr

Hleðsluborvél
18V, rafhláða 1.5Ah, hersla 37Nm, Led ljós.
5245573



Við erum öll

Almanna- varnir

Förum varlega



24%

GROHE

26.990 kr
~~35.665~~ kr

Eldhúsböndunartæki
Grohe Flair. 7910810



28%

blómaval

Afmælis-
vöndur
Blómavals

4.990 kr
~~6.990~~ kr



Græn
vara

ALSAPAN
Furniture, Flooring, Worktops

30%

2.020 kr/m²
~~2.890~~ kr/m²

Harðparket
Nature. eik, 8 mm, fasað á 4 vegu, AC5. 147422



28%

NEO
TOOLS

35.995 kr
~~49.995~~ kr

Verkfæraskápur NEO 84-221
Hæð: 103, breidd: 68, dýpt: 46 cm,
burðargeta 280 kg. 5024494



husa.is

Sendum samdægurs

á höfuðborgarsvæðinu

Alla daga



Nýtt blað
er komið út
husa.is

20%

afsláttur

af allri LADY innimálningu



Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli veisjana.

Eldra fólk og íbúar Grafarvogs neikvæðust gagnvart göngugötum

MIDBÆR Ánægja með göngugötur í miðborginni eykst á milli ára. Fólk sem finnst göngugötusvæðið of litit fjölga og því nær göngugötusvæðum sem fólk er búsett, því jákvæðara er það. Alls eru 82 prósent þeirra sem heimsækja göngugötur vikulega eða oftar jákvæð gagnvart göngugötum. Þetta er meðal þess sem fram kemur í nýrri könnun Maskínu sem unnin var fyrir Reykjavíkurborg í september. Alls eru 67,2 prósent Reykvíkinga

» Tæp 64 prósent finnst göngugötur hafa jákvæð áhrif á veitingastaði

jákvæð gagnvart göngugötum í ár sem er aukning upp á þrjú prósent miðað við í fyrra. Neikvæðum fækkar úr 20,3 prósentum í 16,1 prósent. Þau sem heimsækja göngugötur minnst eru einnig minnst ánægð með að loka á bílaumferð.



Alls eru 67,2 prósent Reykvíkinga jákvæðir gagnvart göngugötum.

Milli ára dregur úr neikvæðni í öllum þremur hópum um fjögur til fimm prósentustig.

Mikill munur er á milli hverfa borgarinnar hvað viðhorfið varðar. Þeir sem búa í miðborginni eru jákvæðastir en úthverfin eru neikvæðust. Neikvæðastir eru íbúar Grafarvogs en þar eru 26 prósent með neikvætt viðhorf til göngugatna.

Ungt fólk hefur jákvæðara viðhorf til göngugatna en þeir sem

eldri eru og dregur smám saman úr jákvæðinni eftir því sem fólk verður eldra.

Þau sem voru neikvæð gáfu til dæmis upp þær ástæður að þau langaði að geta keyrt hvar sem er og óhagstætt veðurfar. Þær ástæður sem fólk gaf fyrir jákvæðu viðhorfi gagnvart göngugötum voru meðal annars að þær byðu upp á betri borgarbrag, skemmtilegra mannlif, meira öryggi og að það væri gott að losna við mengun og bílaumferð. –bb



Bæirnir Gilsá 1 og Gilsá 2 auk sumarhúss voru rýmdir í gær.

Hús rýmd eftir stóra aurskriðu

NORÐURLAND Hús nálægt Hleiðargarðsfjalli í Eyjafirði voru rýmd eftir að stór aurskriða féll ofan við bæinn Gilsá 2 í fyrradag. Samkvæmt tilkynningu frá lögreglunni á Norðurlandi eystra og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra skreiddur aur enn fram í gær og var farinn að ganga yfir veginn.

Sérfræðingar frá Væðurstofu Íslands og Náttúrufræðistofnun ásamt lögreglu mátu aðstæður hættulegar í gær og var ekki útlokað að fleiri skriður gætu fallið á svæðinu. –ab

Þurfa að bíða lengur eftir mat

VÍÐSKIPTI Mikill vöxtur hefur verið í heimsendingu á matvöru eftir að hertar sóttvarnatakmörkanir tóku gildi í vikunni og þurfa nú margir að bíða lengur en áður eftir því að fá matinn inn fyrir hússins dyr.

Heimkaup geta ekki lengur boðið upp á afhendingu samdægurs vegna álags og Nettó þurfti að auka afköst sín um helming.

Ásta S. Fjeldsted, framkvæmdastjóri Krónunnar, segir að sala í Snjallverslun Krónunnar hafi aukist mikið. Nú sé unnið að því að auka framboð á heimsendingartímum og stefnt að því að þrefalda þá á næstu dögum. –epá

Vill fá efnisumræðu í þinginu um breytingar á stjórnarskrá

Forsætisráðherra hyggst leggja fram nokkur frumvörp um breytingar á stjórnarskrá í haust, í eigin nafni sem þingmaður. Telur hún ríkan vilja í samfélaginu til að fjallað sé um auðlindir í stjórnarskrá. Hún skrifar um stjórnarskrárákvæði um auðlindir og náttúruvernd í aðsendri grein í Fréttablaðinu í dag.

STJÓRNMÁL Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra stefnir að því að leggja fram frumvörp um breytingar á stjórnarskrá í nóvember. Í aðsendri grein í Fréttablaðinu í dag fjallar Katrín um tvö þeirra ákvæða sem eru á teiknaborði formanna stjórnmalaflokkanna sem hafa reglulega fundað um stjórnarskrárbreytingar á kjörtímabilinu.

„Það er alveg ljóst í mínum huga að það er mjög mikill og ríkur vilji í samfélaginu til að það sé fjallað um auðlindir í stjórnarskrá en okkur hefur ekki lánast að finna lendingu þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir,“ segir Katrín í samtali við Fréttablaðið. Hún vísar til þess að umræða um stjórnarskrárákvæði um auðlindir hafi staðið síðan á sjöunda áratugnum.

„Ég myndi allavega telja að það sé mikilvægt að fá efnislega umræðu um svona ákvæði í þinginu: Að við séum ekki bara að ræða ferlið, eins og við höfum verið að ræða mjög mikið, heldur efnisatriðin sjálf,“ segir Katrín.

Ákvæðið sem formennirnir hafa rætt felur í sér „knappar og skýrar meginreglur sem bjóða ekki upp á neina möguleika á gagnályktunum og túlkunarvandkvæðum“, eins og Katrín lýsir því í greininni. Hún segist sannfærð um að knappt ákvæði sé farsælli leið en ákvæði sem felur í sér upptalningu á þeim auðlindum sem njóta eigi verndar.

„Ég er algerlega sannfærð um að rétta leiðin í svona ákvæði er einmitt ekki að fara í upptalningu heldur tala um þetta út frá grund-



Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra ræddi stjórnarskrárbreytingar í stefnuræðu sinni við upphaf haustþings. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

vallargildunum, það er að auðlindir sem ekki eru háðar einkaeignarrétti séu í þjóðareign. Ég held að ef við ætlum í einhverja upptalningu þá séum við bara að fara að elta skottid á sjálfum okkur,“ segir Katrín.

Það sama gildi um gjaldtöku fyrir nýtingu auðlinda. Mun eðlilegra sé að löggjafinn taki afstöðu til þess hverju sinni með hliðsjón af mismunandi auðlindum og ólíkri nýtingu þeirra.

Í greininni fjallar Katrín líka

um fyrirhugað ákvæði um náttúru- og umhverfisvernd. Í því er meðal annars vikið að almannarétti sem oft hefur verið deilt um, ekki síst vegna hagsmuna landeigenda. „Þarna verður bara að fara bil beggja,“ segir Katrín en aðspurð um virkni svona ákvæðis í stjórnarskrá segir Katrín að almannaréttur sé nú þegar tryggður í náttúruverndarlögum. „Það var mikið tekist á um hann við síðustu breytingar á þeim lögum, þannig að þetta hefur verið

Það er mjög mikill og ríkur vilji í samfélaginu til að það sé fjallað um auðlindir í stjórnarskrá en okkur hefur ekki lánast að finna lendingu þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

umdeilt og stjórnarskrárákvæði myndi tryggja ákveðin grunngildi um þennan rétt til framtíðar, þó að svo sé hann útfærður nánar í lögum. Það er til dæmis eðlilegt að mögulegt sé að takmarka umferð um viðkvæm svæði en meginreglan verður frjáls för fólks,“ segir Katrín.

Stjórnarskrárbreytingar eru ekki á þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar en Katrín segist hafa hug á því að leggja fram frumvörp sem byggja á vinnu formannanna, sem þingmaður, annaðhvort ein eða ásamt öðrum formönnum.

„Ég átt mig mjög á því að það eru skiptar skoðanir meðal stjórnmalaleiðtoganna um stjórnarskrárbreytingar og þær eru líka mismunandi eftir ákvæðum. Ég á því ekki von á því að þetta verði eitt frumvarp heldur nokkur,“ segir Katrín.

Náist góð stemning fyrir breytingum megi gera ráð fyrir lokaafgreiðslu frumvarpa á stuttu þingi í ágúst á næsta ári áður en þing verður rofið og boðað til kosninga.

Grein Katrínar er á síðu 16. adalheidur@frettabladid.is

jeep.is

ALVÖRU JEPPAR - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

JEEP® WRANGLER BREYTTIR OG ÓBREYTTIR

40" BREYTTUR

35" BREYTTUR

ÓBREYTTUR

JEEP® WRANGLER RUBICON – VERÐ FRÁ: 10.990.000 KR.

- BENSÍN 273 HÖ / DÍSEL 200 HÖ
- 8 GÍRA SJÁLFSKIPTING
- ROCK-TRACK® FJÓRHJÓLADRIF

- SELECT-TRAC® MILLIKASSI
- TRU-LOCK® 100% DRIFLÆSINGAR AÐ FRAMAN OG AFTAN
- AFTENGJANLEG JAFNVÆGISSTÖNG AÐ FRAMAN


- HEAVY DUTY FRAM- OG AFTURHÁSIG
- BAKKMYNDAVÉL MEÐ BILASTÆÐAÐSTÖÐ

ALLAR BREYTINGAR UNNAR AF BREYTINGARVERKSTÆÐI ÍSBAND



Við erum til staðar til að leysa úr málum með þér

Þú getur alltaf haft samband við okkur í síma eða á netinu þótt við höfum takmarkað aðgengi að útibúum tímabundið. Ef þú þarft að heimsækja útibú eða Fyrirtækjamiðstöð getur þú pantað tíma á landsbankinn.is en við hvetjum viðskiptavini til að nýta sér rafræna þjónustu eins og hægt er. Þannig vinnum við saman að því að þú getir áfram gengið að allri þinni þjónustu þótt hún sé með breyttu sniði.



Opna á athvarf á Suðurlandi fyrir þolendur kynbundins ofbeldis

FÉLAGSMÁL Soroptimistaklúbbur Suðurlands hyggst hefja rekstur úrræðis fyrir þolendur kynbundins ofbeldis í landshlutanum undir nafninu Sigurhæðir.

Klúbburinn óskar liðsinnis sveitarfélaga á svæðinu og hefur þegar fengið jákvæðar undirtektir frá sumum þeirra, meðal annars frá Árborg sem leggja mun til húsnæði á Selfossi. Stefnir Árborg að því að verkefnið verði á fjárhagsáætlun sinni á næsta ári.

Í brefi Hildar Jónsdóttur, for-

manns Soroptimistaklúbbs Suðurlands til sveitarfélaganna segir að óskað sé eftir samstarfi við öll sveitarfélögin til frambúðar.

„Ekki [er] ástæða til að ætla að þörfin fyrir þjónustu af þessu tagi sé önnur hér á Suðurlandi en gerist annars staðar á landinu eða í nágrennalöndunum,“ segir í minnisblaði sem tekið var saman af Ragnheiði Hergeirsdóttur, forstöðumanni Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings, eftir samtali hennar við Hildi.

Í minnisblaðinu segir Ragnheiður

Ekki [er] ástæða til að ætla að þörfin fyrir þjónustu af þessu tagi sé önnur hér á Suðurlandi en gerist annars staðar.

Ragnheiður Hergeirsdóttir, forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings



hugmyndina vera þá að um sé að ræða tilraunaverkefni til tveggja til þriggja ára sem Soroptimistar, sem séu grasrótarsamtök, haldi utan um. Samtök hafi „frjálsari hendur“ sem málsvari verkefnis af þessu tagi en stofnanir en sterkast sé að allir aðilar vinni þetta saman.

Þá kemur fram að leitað hafi verið samstarfs við Háskóla Íslands til að framkvæma símat á meðan tilraunin stendur yfir. „Niðurstöður símats muni liggja til grundvallar ákvörðun um hvort og með hvaða

hætti verkefninu verði fram haldið að loknu tímabilinu,“ segir í minnisblaðinu.

„Við erum alþjóðleg samtök kvenna sem hafa það að markmiði að stuðla að jákvæðri heimsmynd, þar sem samtakamáttur kvenna nær fram því besta sem völ er á. Samtökin vinna að bættri stöðu kvenna, að mannréttindum öllum til handa sem og jafnrétti, framförum og friði með alþjóðlegri vináttu og skilningi að leiðarljósi,“ segir á vef Soroptimista um samtökin. – gar

Betra að sækja um fyrir áramót

BRETLAND Utanríkisráðuneytið hvetur alla íslenska ríkisborgara sem búa í Bretlandi og hyggjast dveljast þar áfram, sem og aðra Íslendinga sem hyggjast dvelja í Bretlandi eftir áramót, til að sækja um svokallað „settled“ eða „pre-settled status“ fyrir lok þessa árs. Umsóknarfresturinn rennur formlega út næsta sumar, en ráðuneytið hvetur alla sem þess þurfa til að klára það fyrir árslok.



Stefán Haukur Jóhannesson, sendiherra Íslands í Lundúnum

„Frá og með 1. janúar á næsta ári hættir EES-samningurinn að gilda, þar á meðal reglur um frjálsa för fólks. Þannig að Íslendingar sem hyggjast búa í Bretlandi eftir áramót þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði, samkvæmt nýja innflytjendakerfinu sem bresk stjórnvöld taka í notkun á nýju ári, til að tryggja rétt sinn til að dvelja í landinu,“ segir Stefán Haukur Jóhannesson, sendiherra Íslands í Lundúnum. „Svo viljum við sérstaklega benda á að námsmenn sem hófu nám sitt í haust, en hafa ekki enn flutt til Bretlands vegna heimsfaraldursins, fá ekki neina undanþágu og þurfa því að sækja um vegabréfsáritun samkvæmt nýja kerfinu ef þeir flytja eftir áramót.“

Reglurnar ná aðeins til þeirra sem hyggjast búa, starfa eða stunda nám í Bretlandi, ekki almennra ferðamanna. „Þeir sem heimsækja landið skemur en sex mánuði þurfa ekki vegabréfsáritun.“ Stefán Haukur segir umsóknarferlið einfalt og hafa almennt gengið vel til þessa, hlekkir til að sækja um má nálgast á vef utanríkisráðuneytisins og sendiráðsins. – ab

Almenningur virðist drekka minna í COVID-faraldrinum

Minni eftirspurn hefur verið eftir áfengismeðferð á Vogu það sem af er þessu ári miðað við síðustu ár. Samkvæmt könnun sem Gallup gerði fyrir Embætti landlæknis var minna um ölvunardrykkju á meðan samkomubannið stóð yfir í vor. Yfirlæknir á Vogu segir forvarnargildi í aðhaldsaðgerðum stjórnvalda.

COVID-19 „Það hefur verið minni eftirspurn eftir áfengismeðferð þetta árið og líka hjá nýkomufólki, sérstaklega þeim sem eru yngri en fjörutíu ára,“ segir Valgerður Rúnarsdóttir, yfirlæknir á Vogu. Samkvæmt könnun sem Gallup gerði fyrir Embætti landlæknis um heilsu og líðan á tímum COVID kemur fram að minna var um ölvunardrykkju hjá körlum og konum meðan á fyrstu bylgju COVID-19 faraldursins stóð í mars og apríl.

Niðurstöður könnunarinnar sýna greinilegan mun á ölvunardrykkju hjá konum og körlum, en þegar talað er um ölvunardrykkju er miðað við að einstaklingur neyti fimm eða fleiri drykkja í einu. Mun fleiri karlar greina frá ölvunardrykkju en konur bæði í ár og í fyrra en það dregur úr drykkju karla milli ára alla mánuði frá janúar til ágúst. Hjá konum dregur úr drykkju á milli ára á tímabilinu frá mars til júní, en drykkjan er meiri á þessu ári en í fyrra í janúar, febrúar, júlí og ágúst.

Í mars og apríl á þessu ári sögðust 46,6 prósent karla hafa neytt fimm eða fleiri drykkja í einu á síðustu þrjátíu dögum miðað við 56,6 prósent í fyrra. Hlutfall mánaðarlegrar ölvunardrykkju hjá konum á sama tímabili var 28 prósent í ár en 37,1 prósent á sama tíma í fyrra.

Valgerður segir niðurstöður könnunarinnar ríma vel við hennar upplifun af fyrstu bylgjunni og þeim hörðu samkomutakmörkunum sem í gildi voru hér á landi í mars og apríl. „Almenningur virðist



Mikil aukning var á sölu áfengis hjá ÁTVR í mars miðað við sama mánuð árið á undan. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Það hefur verið minni eftirspurn eftir áfengismeðferð þetta árið og líka hjá nýkomufólki, sérstaklega þeim sem eru yngri en fjörutíu ára.

Valgerður Rúnarsdóttir, yfirlæknir á Vogu



vera að drekka minna og það sjáum við til dæmis á minni eftirspurn. Við vitum að hjá ákveðnum hópi einstaklinga sem eru með áfengisvanda hefur drykkja aukist en það endurspeglar ekki þjóðina,“ segir hún.

Í lok mars greindi Fréttablaðið frá því að mikil aukning væri í sölu áfengis og í mars á þessu ári seldist 8,2 prósentum meira af áfengi en í sama mánuði árið á undan. Sala á rauðvíni jókst um tæp 26 prósent, hvítvíni um 15,6 prósent og sala á lagerbjór um rúm sex prósent samkvæmt upplýsingum frá ÁTVR.

Valgerður segir sölutölur ekki segja alla söguna. „Svona samfélagslegar aðhaldsaðgerðir hafa rosalegt forvarnargildi,“ segir Valgerður. „Samfélagið á þessum tíma var svo ólíkt því sem við vorum von. Það voru engin partí, engin mannamót og flest var bara lokað,“ bætir hún við.

„En forvarnargildið er ákveðinn plús í stóra samhenginu og fólk virðist vera að drekka minna, við megum bara ekki rugla því saman við þennan hóp sem er viðkvæmur fyrir því að honum geti versnað á sama tíma,“ segir Valgerður. birnadrofn@frettabladid.is

Rekstrarleiga

ATVINNUBÍLAR Á FRÁBÆRU VERÐI

Rekstrarleiga er hagkvæm og örugg. Þú velur bílinn sem hentar og greiðir fast mánaðarverð þar sem helsti rekstrarkostnaður er innifalinn. **Komdu í heimsókn og reiknaðu dæmið til enda.**

INNIFALIÐ:

- SMURÐJÓNUSTA
- BIFREIÐAGJÖLD
- TRYGGINGAR
- SUMARDEKK
- VETRARDEKK
- 20.000 KM Á ÁRI



RENAULT TRAFIC
Stuttur, 2000 cc dísil, beinskiptur

Leiga: **109.900 kr. án vsk.***

Verð 4.590.000 kr. m. vsk.



NISSAN NAVARA

Accenta, 2300 cc dísil, sjálfskiptur

Leiga: **226.900 kr. m. vsk.***

Verð 8.250.000 kr. m. vsk.



RENAULT KANGOO

II Express, 1500 cc dísil, beinskiptur

Leiga: **88.600 kr. án vsk.***

Verð 3.590.000 kr. m. vsk.



DACIA DOKKER

1500 cc dísil, beinskiptur

Leiga: **79.800 kr. án vsk.***

Verð 3.150.000 kr. m. vsk.

*Mánaðargeiðsla miðað við þriggja ára rekstrarleigusamning við lett.is

BIOEFFECT

Gjöf sem gefur ljóma og raka



Gjafasett 14.599 kr.
3 andlitsmaskar fylgja

BIOEFFECT fæst í verslunum Hagkaups í Smáralind, Kringsló, Skeiflu, Garðabæ og Akureyri.

3 maskar fylgja hverju gjafasetti, andvirði 5.097 kr.

Dagana 8.-14. október

Verslaðu á netinu: Í ljósi aðstæðna er hægt að panta BIOEFFECT í gegnum Messenger hjá Snyrtivara-Hagkaup á Facebook.

HAGKAUP
Snyrtivara

Óánægð með skort á tímaáætlunum

Bæjarstjórn Fjallabyggðar er óánægð með skort á tímaramma þeirra verkefna sem þarf að grípa til vegna eldhættu í jarðgöngum sveitarfélagsins. Vegagerðin sendi bænnum bréf þar sem ýmsar tillögur um úrbætur voru viðráðar en göngin uppfylla ekki kröfur.

NORÐURLAND „Við teljum ekki ásættanlegt að setja engan tíma-ramma um hvenær ráðist verður í úrbætur,“ segir Elías Pétursson, bæjarstjóri Fjallabyggðar, um bréf Vegagerðarinnar varðandi jarðgöng sveitarfélagsins. „Hann þarf ekki að vera upp á dag en að einhver viðmið séu sett.“

Þrenn jarðgöng eru í Fjallabyggð, Héðinsfjardargöng, Múlagöng og Strákagöng. Þau tvenn síðarnefndu, sem voru grafin árin 1990 og 1967, uppfylla ekki nútíma-kröfur um brunavarnir og þykja barn síns tíma.

Ámundi Gunnarsson, slökkviliðsstjóri Fjallabyggðar, benti á í sumar að Múlagöng og Strákagöng gætu brunnið endanna á milli því að klæðningin væri ekki eldvarin. Þó að áratugir hafi liðið án eldsvoða væri ekki hægt að treysta á guð og lukkuna í þeim efnum. Þar að auki vantaði lýsingu í göngin og að koma upp útvarpsendingum til þess að geta varað fólk við inni í göngunum.

Í máli Vegagerðarinnar í sumar kom fram að framkvæmdirnar væru ekki á áætlunum og að nýir staðlar væru ekki afturvirkir fyrir eldri mannvirki. Í lok september sendi Vegagerðin Fjallabyggð hins vegar bréf með tillögum um úrbætur.

„Það eru allir orðnir sammála um að ástandið er ekki eins og



Strákagöng voru grafin árið 1967 og uppfylla ekki nútíma öryggisstaðla. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

best verður á kosið,“ segir Elías. „Eins og ég hef þekkingu til list mér ágætlega á tillögurnar sem koma fram í bréfinu. Við í bæjarráði erum ánægð með að Vegagerðin

hafi játað að hægt sé að gera ýmislegt betur og að samtalið sé farið í gang.“

Hvað klæðningu í Múlagöngum varðar eru nefndar tvær leiðir.

Annaðhvort að skipta um klæðningu sem gæti kostað um einn og hálfan milljarð króna eða setja upp dúka í áföngum. Í Strákagöngum er hins vegar aðeins dúkalausnir fær.

Við í bæjarráði erum ánægð með að Vegagerðin hafi játað að hægt sé að gera ýmislegt betur og að samtalið sé farið í gang.

Elías Pétursson, bæjarstjóri Fjallabyggðar



En skoða þurfi þetta út frá framtíðaráformum um göngin og nýtingu þeirra.

Þá segir í bréfinu að vilji sé til að setja upp rýmingarljós í Héðinsfjardargöng og að kostnaðurinn sé metinn á 825 milljónir króna. Þau hafi þegar verið sett upp í Múlagöngum en Strákagöng séu ekki á dagskrá. Kostnaður við útvarpsendingar í Héðinsfjardargöngum og Múlagöngum er samanlagt um 50 milljónir.

Viljayfirlýsingar og tillögur eru þó ekki nóg að mati bæjarstjórans. „Ef tímasetningar eru ekki settar fram þá er ekki verið að segja neitt til um það hvenær þetta gerist.“

kristinnhaukur@frettabladid.is

Fyrsta kventvíeykið til að fá Nóbelsverðlaunin

SVÍÞJÓÐ Vísindamennirnir Emmanuelle Charpentier og Jennifer Doudna hlutu í gær Nóbelsverðlaun í efnafræði fyrir rannsóknir sínar á sviði erfðamengjafræði. Þær urðu heimsfrægar þegar þær fundu upp á CRISPR/Cas9-tækni sem er aðferð til að breyta erfðamengi lífvera.

Rannsóknir þeirra hafa umbylt líffræði og hafa vaknað upp margar síðferðislegar spurningar um notkun á CRISPR-tækni, þá aðallega um muninn á því að breyta genum til þess að uppræta arfgenga sjúkdóma eða til að hafa áhrif á útlit.

Hin franska Charpentier og hin bandaríska Doudna eru sjötta og sjöunda konan til að vinna Nóbelsverðlaun í efnafræði og er þetta í



Emmanuelle Charpentier og Jennifer Doudna. MYND/EPA

fyrsta sinn sem kvenkyns tvíeyki vinnur þessi verðlaun.

Marie Curie var fyrsta konan til að hljóta verðlaun í þessum flokki en hún hafði áður unnið Nóbelsverðlaun í eðlisfræði, einnig fyrst kvenna. – ilk

Leiðtogar flokksins sekir

GRIKKLAND Hægripopúlistaflokkurinn Gullin dögum hefur verið úrskurðaður glæpasamtök af grískum dómstól og leiðtogar flokksins fundnir sekir um aðild að vöðaverkum. Réttarhöldin hafa staðið yfir í fimm ár og niðurstöðunnar hefur verið bedið með eftirvæntingu. Fimmtán þúsund andstæðingar flokksins voru samankomnir fyrir utan dómshúsið í Aþenu í gær þegar úrskurðurinn var tilkynntur. Lög-gæsla var aukin víða um Grikkland af ötta við reiði flokksmanna.

Tæplega 70 meðlimir flokksins, þar á meðal fyrrverandi þingmenn, voru fundnir sekir um aðild að morðum, ofbeldisverkum, vopnaburði og að reka skipulögð glæpasamtök. Einhverjir þeirra gætu átt yfir höfði sér 15 ára fangelsdóma.

Gullin dögum var stofnuð árið 1980 en upp úr aldamótum fóru vinsældir flokksins að rísa og eftir evrukrísuna 2010 varð hann að stóru afli í grískum stjórnmálum, með þingmenn bæði á þjóðþinginu og í Evrópu. Flokkurinn kastaði



Magda, móðir hins myrta rappara Pavlos Fissas, fagnaði dóminum.

þó aldrei harðlínustefnu sinni og ofbeldismenningu. Hefur hann því verið kallaður bæði fasistaflokkur og nýnasistaflokkur.

Meðal þeirra sem hafa orðið fyrir árásum og ofbeldi af hálfu meðlima flokksins eru innflytjendur, samkynhneigðir, vinstrimenn og leiðtogar verkalyðshreyfinga. Árið 2013 myrta Giorgos Roupakias, háttsettur meðlimur samtakanna, rapparann Pavlos Fyssas sem var vinstrisinnadur aktivisti. – khg

NÚ BÆTIST VIÐ Í FLÓRUNA

banana

ab mjólk

Ég er kominn heim!



Sófi er ekki bara sófi

Hefurðu ekki lagst í sófa sem smell passaði fullkomlega?

Faðmaði þig og gaf þessa „ég er kominn heim“ tilfinningu?

Hefurðu ekki horft á sófa sem sagði allan tímann við þig „leggstu og slakaðu á“?

Í Vogue fyrir heimilið er mikið úrval af sófum sem smell passa, gefa þessa „ég er kominn heim tilfinningu“ og elska að slaka á með þér.

Komdu og skoðaðu úrvalið af fallegu sófunum okkar.


Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

MARKAÐURINN

Horfa fram á lokanir og uppsagnir

Þjónustuiðnaður á Íslandi tók á sig mikið högg í vor. Óljóst er hvort geirinn þoli aðra umferð af takmörkunum. Hækkun áfengisgjalds grefur frekar undan rekstri veitingastaða núna. Fyrirkomulag lokunarstyrkja útilokar bætur til fjölmargra fyrirtækja.

Þórður Gunnarsson
thg@frettabladid.is



Þjónustuiðnaður af ýmsu tagi hefur orðið einna verst úti með tilliti til tekjusaðráttar vegna sóttvarna aðgerða stjórnvalda. Fjöldatakmörkanir voru hertar í byrjun vikunnar og á miðvikudag var opnunartími veitingastaða stytur niður í klukkan níu að kvöldi. Sem stendur eru núgildandi takmörkanir sagðar munu eiga að gilda í tvær vikur, en tveggja vikna lokunin síðastliðið vor reyndist hins vegar töluvert lengri en það, eða sex vikur.

„Það versta við þetta er hvernig verið er að opna og loka í sífellu, þannig teygist og togast þetta ferli út í hið óendanlega. Það liggur við að betra væri að loka bara alveg í hálfan eða einn mánuð með það markmið að opna svo aftur og halda þá öllu opnu. Það er í raun allt betra en þetta límbó sem við erum í núna. Megum hafa opið en í raun eru allir landsmenn hvattir til að mæta alls ekki,“ segir Hrefna Sverrisdóttir, sem rekur veitingastaðinn Rok á Skólavörðuholti. Hrefna segir að nýjasta ákvörðun stjórnvalda um að stytta opnunartíma veitingastaða enn frekar taki botninn úr rekstrargrundvelli geirans. Hún bætir því við að fullar afleiðingar lokana og rekstrartakmarkana séu ekki komnar fram að fullu, enda sé uppsagnarfrestur að renna sitt skeið hjá mörgum um þessar mundir og fátt annað en fjöldaatvinnuleysi sem biður. Ríkisstjórnin ætti þannig, að sögn Hrefnu, að hækka hlutabótaleiðina upp í 75 prósent ef varna á holskeflu fólks á atvinnuleysissskrá. „Einhverjir veitingastaðir búa betur en aðrir og eiga til dæmis húsnæðið sem þeir starfa í en það er mikill minnihluti.“

Í fjárlagafrumvarpi ársins 2021 er lagt til að áfengisgjald hækki, en Hrefna segir slíkar breytingar enn eitt höggið á veitingageiranum: „Ég skil ekki hvernig þeir geta leyft sér að leggja þetta fram núna. Mjög stór hluti framlegðar veitingahúsa skapast með sölu áfengis. Á sama tíma er byggingariðnaðurinn að fá aflátt af



Hækkun áfengisgjalda heggur frekara skarð í rekstrargrundvöll veitingastaða á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Af heildarskattbyrði venjulegs veitingahúss vega áfengisskattarnir þyngst talið í krónum og aurum og nú þyngst þetta enn frekar,“

Hrefna Sverrisdóttir, eigandi veitingahússins Rok



virðisaukaskattinum sjöunda árið í röð. Ég óska öllum innan þess geira alls hins besta, en það væri hjálplegt ef einhverjar af þessum aðgerðum beindust að ferða- og veitingageiranum. Í staðinn erum við að fá skattahækkun á okkur með þessari breytingu á áfengisgjaldinu. Af heildarskattbyrði venjulegs veit-

ingahúss vega áfengisskattarnir þyngst talið í krónum og aurum og nú þyngst þetta enn frekar,“ segir Hrefna.

Hárgreiðslu- og snyrtistofum var líka gert að loka í þessari viku, en það er mat sóttvarnaryfirvalda að ekki sé hægt að tryggja fullnægjandi smitvarnir á slíkum stöðum. „Ég veit ekki til þess að hópsmit eða annað slíkt hafi komið upp á hárgreiðslustofu. Við höfum gert allt til að hafa hlutina á hreinu, sótthreinsað yfirborðsflæti, borið grimur og krafist þess sama af viðskiptavinum. Erum meira að segja hætt að bjóða upp á kaffi,“ segir Svavar Örn Svavarsson, sem rekur hárgreiðslustofuna Senter. „Það var lokað í sex vikur í vor og það var mjög þungt. Hárgreiðslumenn geta ekki unnið heima og þeir geta ekki selt klippingar í heimsendingu. Þetta er því gífurlegt tekjutap,“ segir Svavar.

Hann segist vonast til þess að yfirstandandi lokun muni sannar-

lega gilda í tvær vikur eins og gefið hefur verið út: „Ef þetta verða aftur sex vikur þá get ég bara pakkað saman. Ég rukkadi ekki þá sem leigðu hjá mér stól á meðan lokunin stóð í vor, en ég ætti erfitt með að bera þann sama kostnað aftur.“ Svavar nefnir að lokunarstyrkir stjórnvalda hafi komið að einhverju gagni vegna aðgerða í mars og apríl, en fjárhagslega höggið hafi hins vegar verið það stórt að ómögulegt væri að takast á við slíkt aftur.

Hins vegar hefur ekki verið á allra færi að njóta lokunarstyrkja. Arnar Arinbjarnarson er einn eigenda Even Labs, sem býður upp á ýmsar heilsumedferðir. Fyrirtækið tók til starfa í nóvember síðastliðnum, en áður var virðisaukaskattsnúmer rekstrarins skráð í júlí. Að sögn Arnars miðar skatturinn við skráningu virðisaukaskattsnúmers við úthlutun lokunarstyrkja, óháð því hvenær raunveruleg starfsemi hefst. „Við þurfum að fá vasknúmer

til að geta keypt inn aðföng og efni fyrir reksturinn, sem hófst í reynd í nóvember. Hins vegar var dagsetning vasknúmersins forskráð í umsóknarferli lokunarstyrkja sem upphafsdagur starfsemi. Við féllum þannig undir þær lágmarkstekjur á mánuði sem skatturinn miðar við til að hægt sé að veita styrki, en þar inni voru fjórir mánuðir sem enginn rekstur var hjá okkur.“

Arnar bætir því við að fráleitt sé að nota vasknúmer sem einhvers konar viðmið við veitingu lokunarstyrkja. „Það þýðir að ýmis starfsemi sem er undanþegin virðisaukaskatti, svo sem líkamsræktarstöðvar, geta ekki sótt um þessa styrki. Eðlilegast væri að miða við hvenær sú starfsemi sem gert var að loka hófst í raun og veru. Ég hef svo heyrt af mörgum smærri fyrirtækjum sem gert var að loka og þurfi að eyða stórum hluta lokunarstyrksins í lögmannsþjónustu, til að harka styrkina út úr skattinum.“

Silfurberg hagnaðist um 526 milljónir króna

Hagnaður fjárfestingafélagsins Silfurbergs jókst í 526 milljónir árið 2019 úr 186 milljónum króna árið áður. Arðsemi eiginfjár var 6 prósent í fyrra en eigið fé félagsins var 9,3 milljarðar króna við árslok.

Silfurberg er í eigu hjónanna Friðriks Steins Kristjánssonar og Ingibjargar Jónsdóttur.

Friðrik Steinn stofnaði Omega Farma og seldi fyrirtækið árið 2002. Árið 2005 fór hann fyrir hópi fjárfesta sem keypti tvö spænsk lyfjafyrirtæki sem sérhæfa sig í þróun og framleiðslu samheitalyfja og úr varð Invert Farma.

Hjónin efnuðust vel á því að var selja Invert Frama til erlendra fjárfesta fyrir um 214 milljónir evra sumarið 2016.

Tekjur Silfurbergs námu 726 milljónum króna í fyrra samanborið við 311 milljónir króna árið 2018. Bróðurpartur teknanna í fyrra voru vaxtatekjur, þær voru 508 milljónir króna í fyrra en 181 milljón árið áður.



Friðrik Steinn Kristjánsson.

Af 9,5 milljónum króna eignum Silfurbergs eru verðbréf bókfærð á fjóra milljarða, eignahlutir í fyrirtækjum á 2,1 milljarð og bankainnstæður námu 1,3 milljörðum króna við árslok. Silfurberg á meðal annars í lyfjaþróunarfyrirtækinu Oculis, ORF líftækni og hefur lagt fé í framtakssjóði á vegum Strawberry Capital og Alfa framtaks. – hvj

Leitar fjármagns til að tryggja rekstur

Thorsil, sem hefur unnið að undirbúningi við uppbyggingu og rekstur á kislímalmverksmiðju í Helgúvík, vinnur nú að því að tryggja langtímafjármögnun. Endanleg fjármögnun á verkefni félagsins er nauðsynleg til að félagið geti talist rekstrarhæft. Þetta kemur fram í ársreikningi félagsins.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam tap af rekstri félagsins 470 milljónum króna árið 2019. Eigið fé félagsins í árslok var 145,9 milljónir. Félagið hafði frá árinu 2014 eignfært undirbúningskostnað fyrir 831 milljón króna en hann samanstóð af verkfræði- og framkvæmdakostnaði, ráðgjafarkostnaði og launakostnaði við undirbúning verkefnisins. Eignærður kostnaður var hins vegar afskrifaður um 415 milljónir króna á síðasta ári.

Thorsil er í eigu eignarhaldsfélagsins Thorsil Holding sem er í eigu þriggja félaga. Þau eru Northsil, sem er í eigu þrettán fjárfesta, þar á meðal Johns Fenger, Þorsteins Mús Baldvínssonar og Einars Sveinssonar, auk Strokkss Silicon, sem er í eigu Harðar Jónssonar, og fjármála-



Tap á rekstri Thorsil í fyrra nam 470 milljónum króna. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

fyrirtækisins Arctica Finance.

Um miðjan maí síðastliðinn var greint frá því að Thorsil hefði ekki efnt samninga um lóðir og hafnaradstöðu né innt greiðslur af hendi til Reykjaneshafna. Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri í Reykjaneshafna, sagði við mbl.is að á síðustu árum hefði forsvarsmönnum Thorsil margsinnis verið veittur frestur til að koma sínum málum á hreint. Fyrirtækið hefði eins árs frest til að standa við skilyrði sem hafnaryfir-

valda svo að það geti haldið lóðinni.

Frá árinu 2014 hefur félagið gert ýmsa samninga um uppbyggingu verksmiðjunnar og framleiðslu á kislímalmum. Samningarnir fela í sér kaup á hræfnum og dreifingu málsins, fjárfestingarsamkomulagi við ríkisstjórn Íslands, orkukaupasamning vegna verksmiðjunnar og flutningsamning um raforku. Samningarnir eru háðir tilteknum skilyrðum sem ekki hafa verið uppfyllt að fullu. – pffh

NS

HÁTÍÐAR
ÚTGÁFA

Sirius



Rjómasúkkulaði

MEÐ APPELSÍNUBRAGÐI
OG KARAMELLUKURLI



... svo gott

Nú er hátíð í bæ!

Ljúffengt rjómasúkkulaðið með appelsínubragði og brakandi karamellukurli er ómótstæðileg samsetning sem hreinlega bráðnar í munni. Sirius tekur þátt í gleðinni með þér um hátíðarnar.





Sogin eru litrík leirgil sem fela sig innan um móbergsfjöll Reykjanessskaga. MYND/ ÓMB.

Litadýrð í leynum

Tómas Guðbjartsson hjartaskurð-læknir og náttúruunnandi og Ólafur Már Björnsson augnlæknir og ljósmyndari


Stundum er leitað langt yfir skammt þegar kemur að náttúruperlum. Á Reykjanesi, við dyragætt höfuðborgarinnar, er fjöldi spennandi útivistarsvæða sem eru mörgum lítt kunn og ennþá færri hafa heimsótt. Eitt þeirra er sérkennilegt háhitasvæði upp af Höskuldarvöllum, ekki langt frá Keili og sunnan Trölladyngju og Grænudyngju. Þessi litríku leirgil kallast því skritna nafni Sogin og hafa mótast af jarðhita og eldvirkni í iðrum jarðar. Í gegnum gilinn rennur Sogalækur en á Reykjanessskaga eru ekki margir lækir eða ár, þar sem yfirborðið er víðast þakið gljúpum en fallega mosavöxnum hraunum. Sogin eru einkar litrík og minna um margt á Jökulgil á Torfajökulssvæðinu, enda þótt þau séu miklu minni. Þau er því stundum kölluð Litlu Landmanna-laugar en ólíkt Torfajökulssvæðinu og hverasvæðinu í Krýsuvík, sem er skammt frá, státa þau ekki lengur spúandi hverum. Engu að síður er svæðið allt sannkölluð útivistarparadís og litadýrð Soganna minnir óneitanlega á oliumálverk.

Þarna býðst fjöldi spennandi gönguleiða sem henta flestum og eru tilvaldar fyrir hálf dags- eða kvöldgöngu. Aðeins tekur hálf tíma að komast að svæðinu akandi frá höfuðborginni og er einfaldast að aka veginn upp að Keili og áfram að bílastæði við ónýtta tilraunaborholu upp af Höskuldarvöllum. Annar valkostur er að hefja gönguna austur, frá Krýsuvíkurvegi. Frá bílastæðinu upp af Höskuldarvöllum er gengið í suðaustur í átt að Spákonuvatni, en á leiðinni ber fyrir augu fallegan eldgíg með einkar fallegu útsýni vestur að píramídalaga Keili. Stuttu síðar blasa tvö önnur falleg gígvötn við, Grænavatn og Djúpavatn, og þegar komið er upp á nálægan hrygg sést vel yfir Sveifluháls og stóran hluta Reykjanes. Sveigt er til norðurs og koma þá litrík Sogin skyndilega í ljós, líkt og úr leynum og með stórkarlagar Grænudyngju og Trölladyngju í baksýn. Litadýrðin er ólýsanleg, ekki síst í björtu og annað hvort hægt að halda ofan í gilinn eða halda sig ofar í gróðurvöxnum hliðum. Áður en snúið er heim er tilvalið að ná tindi annað hvort Grænudyngju (400) eða Trölladyngju (375 m) en af þeirri síðarnefndu er frábært útsýni yfir höfuðborgina og fjöllin norðan hennar.

Þessi móbergsfjöll urðu til við gos undir ísaldarjöklinum, en í hliðum þeirra eru síðan yngri eldgigar sem sumir hverjir hafa gosið á nútíma og skilið eftir sig falleg mosavaxin hraun.



Fókus á hjarta landsins



Spákonuvatn með Trölladyngju og Grænudyngju í baksýn. MYND/ ÓMB.



Litadýrðin við Sogin er engu lík. MYND/ ÓMB.



BAUHAUS®

30%

afsláttur

af Camargue Skärgärd
baðinnréttingum og sturtubíljum

Mv. almennt verð

Á VIÐ UM ALLAR VÖRUR SEM FINNA
MÁ Í VÖRULISTANUM BAÐHERBERGIÐ OG VELLÍÐAN
2020/2021

Komdu og skoðaðu úrval
fallegra baðinnréttinga í nýjum
og endurbættum sýningarsal okkar.
Úrvalið hefur aldrei verið betra!

60 x 60 cm.

Kjarakaup

2.995.-

~~3.995.-~~

Autumn gegnheilar flísar

30 x 60 cm. Ljósar Perla eða dökkar
Merengo. Kantfræstar fyrir 2 mm
fúgu. Frostþolnar. Skriðvörn R9.
Verð á m².

60 x 60 cm ~~3.995.-~~ 2.995.-

JOTUN



13.995.-

~~17.995.-~~

Lady 10 veggmálning 9 l

Hágæða innanhúss veggmálning. Þekur vel og með fallegri áferð. Silkmött, glans 10. Hægt að blanda í mörgum litum. Þekur 8-10 m² á l.

STANLEY
EATMAX



29.995.-

~~32.995.-~~

Höggborvél

FMCK625M2G-QW 18 V SFM höggborvél
með 2 hraðastillingar fyrir öll verkefni + 2 x
4.0Ah rafhlöður í verkfærakassa

Við erum með allt fyrir inniverkefnið



Við erum með allt sem þarf
til að leggja nýja gólfefnið þitt

TIMBERNA

Vínýlgólfefni Broholm

1525 x 228 x 7 mm. Slitflokkur 33. Með 5G smellukerfi. 100% laust við phthala plastefni. Með komposit kjarna. Verð á m².

Vínýlgólfefni

Kjarakaup

4.445.-

~~5.995.-~~

**VIÐ FYLGJUM
SÓTTVARNARREGLUM,
NÓG PLÁSS HJÁ OKKUR,
VIÐ BERUM ÖLL ÁBYRGÐ!**

VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18

Með fyrirvara um myndbrenslu, prentvillur, mistök hjá birgjum og uppseldar vörur. Verð er með vsk. Tilboðin gilda aðeins til og með mánudeginum 26. október, meðan birgðir endast.

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2-4 - 113 Reykjavík - 515-0800
upplýsingar@bauhaus.is - www.bauhaus.is

Afsökunin



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Fremur litlir stjórnálflokkar sem gengið hafa til ríkisstjórnarsamstarfs við Sjálfstæðisflokkinn hafa yfirleitt þurft að gjalda þess. Eitthvað í eðli Sjálfstæðisflokksins gerir að verkum að hann sagnar jafnt og þétt mátt úr samstarfsflokknum, sem verður ráðvilltur og missir sjónar á baráttumálum sínum, með þeim afleiðingum að hann glatar fylgi í næstu kosningum. Þetta ætla að verða örlög Vinstri grænna. Flokkurinn sem ætlaði að breyta íslensku samfélagi kæmist hann til valda, virðist vera í tilvistarkreppu og flokksmenn eru margir ringlaðir og dasaðir.

Stjórnarandstaðan hefur margofter bent á það sem blasir við flestum: Að Sjálfstæðisflokkurinn er ráðandi í þessu ríkisstjórnarsamstarfi. Þess vegna hefði ekki átt að koma neinum á óvart þegar þingmaður Samfylkingar, Ágúst Ólafur Ágústsson, sagði í útvarpsþætti að ríkisstjórnin væri ríkisstjórn Bjarna Benediktssonar. Þetta er einmitt það sem fjölmargir hafa á tilfinningunni og þar á meðal er hópur stuðningsmanna Vinstri grænna, sem hefur ekki farið dult með óánægju sína. Sumir hafa reyndar sagt sig úr flokknum vegna þess að þeim finnst áherslumál flokksins ekki hafa nægilegt vægi innan ríkisstjórnarinnar.

Það er ekki skrytið að Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra vilji ekki vita af þeim óánægjuhópi innan Vinstri grænna sem telur flokkinn vera búinn að selja stefnumál sín fyrir hagsmunabandalag við Sjálfstæðisflokkinn. Svandís sagði Ágúst Ólaf hafa með orðum sínum sýnt „botnlausu kvenfyrirlitningu“. Einhverjir urðu síðan til að blanda þessum orðum saman við hneykslismál þar sem þingmaðurinn hafði fullur hellt svívirðingum yfir unga konu. Svo sannarlega var það til skammar, eins og margt annað sem fólk gerir á fyllirí, en flokkast fremur sem ruddaskapur en kynferðisglæpur. En það á femíniska ofstækisliðið erfitt með að skilja.

Þingmaðurinn var vitanlega sleginn illilega út af laginu vegna allra þeirra sem gjömmuðu og geltu vegna orða hans um ríkisstjórn Bjarna Benediktssonar. Sennilega hefur upprifjunin á hneykslismáli, sem hann hefur margofter beðið afsökunar á, átt sinn þátt í því hversu auðveldlega hann beygði sig í duftið. Sem er miður. Hann hefði átt að standa uppréttur og endurtaka orð sín um að Sjálfstæðisflokkurinn færi með völdin í þessari ríkisstjórn. Sú skoðun hans hentar vissulega ekki forystu Vinstri grænna, sem hlutu að stökkva upp á nef sitt, en þingmanni Samfylkingarinnar ber heldur ekki að þjóna ráðherra þess flokks.

Orð Ágúst Ólafs um ríkisstjórn Bjarna Benediktssonar voru vitanlega gagnrýni á Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra og þá fylgispekt sem ymsum finnst hún og aðrir ráðherrar flokksins sýna Sjálfstæðisflokknum. Katrín verður að þola gagnrýni eins og aðrir stjórnálflokkar og það veit hún örugglega sjálf.

Það á að vera hægt að gagnrýna valdakonu engu síður en karla í valdastöðum. Þá gagnrýni á að vera hægt að setja fram án þess að viðkomandi sé kallaður kvenhatari.



Hann hefði átt að standa uppréttur og endurtaka orð sín um að Sjálfstæðisflokkurinn færi með völdin í þessari ríkisstjórn.

Halldór



Frá degi til dags

Innherjaklipping
Þeir tóku sig vel út Þórólfur og Víðir í sjónvarpsþætti allra landsmanna í fyrradag, svona nýklippiptir og vel til hafðir um hárið. Það er til fyrirmyndar og þeir ótrúlega heppnir að komast í klippingu svona rétt áður en hársnyrtistofum var skellt í lás. En bíddu nú við, hverjir ákváðu að skella hársnyrtistofunum í lás? Það eru þeir. Ókei, eru það ekki einhver konar innherjavíðskipti? Þeir skella sér í klippingu korter í lokun. Við hin þurfum að vera með lubba í að minnsta kosti tvær vikur. Og svo má ekki einu sinni fara á Selfoss eða Akranes til að bjarga lúkkinu.

Ísland A og Ísland B
Höfuðborgarbúum er bannað að fara út á land. Búið er að setja kóresk landamæri við Litlu Kaffistofuna. Búið er að múra fyrir Hvalfjarðargöng. Borgarstjóri Akureyrar hefur safnað liði sem fer um Akureyri með leitarhunda í leit að fólki sem drekkur latte og gengur með trefil. Grímsnes er orðið að draugabæ. Í kringum höfuðborgina verður næst á dagskrá að reisa trumpískan landamæraveg, ekki þó aðeins til að sigrast á veirunni heldur einnig til að leysa flestöll innlend deilumál.

Áhrif kórónaveirunnar á líf barna



Salvör Nordal
umboðsmaður barna

Síðastliðið vor, skömmu eftir að samkomubann var sett á, óskaði umboðsmaður barna, í samstarfi við KrakkaRúv, eftir frásögnum barna og ungmenna af því hvernig það er að vera barn á tímum kórónaveirunnar og hvernig faraldurinn hefur haft áhrif á daglegt líf þeirra. Erindið var sent til allra grunnskóla og barst fjöldi frásagna frá börnum á öllum aldri víðs vegar að af landinu. Ekki voru gerðar sérstakar kröfur um form frásagna. Mest var af skriflegum frásögnum en einnig voru sendar inn myndir, dagbókarfærslur og ljóð. Þá var nokkuð sent af myndskildum með frásögnum, viðtölum og leiknu efni.

Á vef umboðsmanns barna hafa nú verið birt sýnishorn af þessum frásögnum og er um fjöllun barnanna flokkuð eftir þeim þeim sem voru hvað algengust, er það gert í þeim tilgangi að gefa yfirsýn yfir frásagnir barnanna.

Af svörum barnanna má merkja að kórónaveiran hafi haft umfangsmikil áhrif á daglegt líf þeirra. Þau fjölluðu um áhrif breytinga á skólaskóla, en skiptar skoðanir komu fram um auknið heimanám og fjar-kennslu. Börnin fjölluðu um áhrif samkomubannsins á tómstundir þar á meðal fjarkennslu í íþróttum, tónlist og skák. Þá fannst þeim erfitt að geta ekki leikið við vini sína eins og venjulega eða heimsótt afta og ömmu. Börnin ræddu ekki einungis neikvæð áhrif kórónaveirunnar heldur sáu mörg þeirra jákvæðar hliðar á þeim breytingum sem höfðu orðið vegna hennar. Þannig væru samverustundir fjölskyldunnar fleiri og þá hefðu þau lært mikið á þessum tíma, til dæmis hvað vinátta skiptir miklu máli, hvað það er mikilvægt að gera gott úr hlutunum, hugsa jákvætt og finna sér eitthvað að gera.

Frásagnir barnanna bregða upp mikilvægri svipmynd af aðstæðum barna síðastliðið vor, en þær eru ekki síður mikilvægar núna þegar við stöndum öðru sinni frammi fyrir hertum sóttvarnaaðgerðum.



Frásagnir barnanna bregða upp mikilvægri svipmynd af aðstæðum barna síðastliðið vor.

Sjónmælingar eru okkar fag

Tímabantanir á opticalstudio.is og í síma 511 5800

Optical Studio
SMÁRALIND • HAFNARTORG • KEFLAVÍK

AF KÖGUNARHÓLI

Engin plön um hagvöxt



Þorsteinn Pálsson

Fjármálaáætlun til fimm ára felur í sér þá nýlundu að stjórnar-flokkar ganga til kosninga með sameiginlega stefnu í ríkisfjármálum og efnahagsmálum fyrir allt næsta kjörtímabil.

Stefnuræða forsætisráðherra fyrir viku og þær umræður um fjárlög og fjármálaáætlun, sem fylgt hafa í kjölfarið, staðfesta að ríkisstjórnin er ekki með nein plön um að örva vöxt í þjóðarþúskapnum á næsta kjörtímabili.

Stjórnin gerir ráð fyrir að hagvöxtur verði nær 4% á næsta ári, sem er viðunandi. En strax árið þar á eftir á hann að snarlækka og verður orðinn nærri hellingi minni á miðju kjörtímabili. Umfram það eru engin markmið sett.

Með þessu móti ná menn ekki tókum á skuldakreppunni. Þetta dugar ekki til þess að hefja nýja lífskjarasókn. Og vandséð er að velferðar-kerfið verði varið.

Í blindgötu

Áður fyrr gat Sjálfstæðisflokkurinn við aðstæður eins og þessar haft forystu um margvíslegar kerfisbreytingar til að örva verðmætisköpun og framleiðni. Á síðustu árum hefur flokkurinn aftur á móti þrengt pólitíska stöðu sína þannig að hann getur ekki veitt slíka forystu.

Í sögulegu samhengi má nefna nokkur atriði:

Í fyrsta lagi alþjóðlegt samstarf í

peningamálum til þess að tryggja stöðugleika og skapa grundvöll fyrir nýsköpun. Í öðru lagi stór skref í fjölþjóðasamvinnu til þess að efla frjáls viðskipti og auka samkeppni. Í þriðja lagi ráðstafanir til þess að nýta markaðsöflin með virkari hætti í landbúnaði og sjávarútvegi í þeim tilgangi að auka framleiðni.

Kerfisbreytingar af þessu tagi eru nú eins og áður nauðsynlegar til að stækka þjóðarkökuna. En pólitísk þrenging hefur leitt kjölfestuflokk ríkisstjórnarinnar inn í blindgötu. Hann á einfaldlega of lítinn efnivið í hagvaxtarplan.

Báðir fórnar skattahugmyndafræðinni

Skattalækkun er eina kerfisbreytingin, sem Sjálfstæðisflokkurinn ræðir. Hún getur vissulega verið mikilvægur þáttur í að örva hagvöxt. Klípan er bara sú að í núverandi skuldakreppu er svigrúmið til skattalækkunar lítið sem ekkert.

VG er í sömu klípu á hinum endanum. Nú er ekki tími skattahækkana.

Í öllum kosningum í meira en tvo áratugi hefur VG boðað stórhækkun skatta á hálaunafólk til að margfalda útgjöld til heilbrigðismála. Nú stefnir VG inn í annað kjörtímabil með fjármálaáætlun án skattahækkana og sama hlutfall útgjalda af landsframleiðslu til heilbrigðismála eins og var um aldamótin.

Í fjármálaáætluninni fórnar báðir



Umræður á Alþingi þessa fyrstu þingdaga vetrarins benda til þess að kjósendur hafi að þessu leyti nokkuð skýrt val í komandi kosningum: Vörn eða sókn.

flokkarnir skattahugmyndafræði sinni allt næsta kjörtímabil. Það er í sjálfu sér raunsætt. En þetta gerir aðrar kerfisbreytingar þeim mun mikilvægari og brýnni.

Sjálfstæðisflokkurinn fórnar einnig þeirri stefnu að bæta skilvirkni í heilbrigðiskerfinu með auknu frelsi og festir sig við harðari ríkisvæðingu VG út næsta kjörtímabil.

Vöxtur og velferð í stað kyrrstöðu Forystumenn Viðreisnar og Samfylkingar, sem liggja næst miðjunni frá hægri og vinstri, hafa öndvert við

málflutning ríkisstjórnarflokkanna talað mjög skýrt fyrir alhliða kerfisbreytingum nú í þingbyrjun.

Í eðli sínu eru þetta svipaðar kerfisbreytingar og Sjálfstæðisflokkur og Alþýðuflokkur stóðu að bæði í Viðreisnarstjórninni og Engeyjarstjórninni.

Eftir síðustu skoðanakönnun eru Viðreisn og Samfylking saman talsvert stærri en Sjálfstæðisflokkurinn. Tveggja flokka stjórn þeirra er þó fjarlæg. En nái þeir saman um kjarna-atriði nauðsynlegra kerfisbreytinga eiga þeir möguleika á að sprengja upp kyrrstöðuna.

Þessi nýja staða á miðju stjórn-málanna dugar til að koma í veg fyrir að kyrrstöðustjórnin verði endurnýjuð með Miðflokknum. Með slíkt fylgi og samvinnu um lykilatriði geta Samfylking og Viðreisn einnig tryggt að næsta ríkisstjórn verði mynduð frá miðju um vöxt og velferð í stað kyrrstöðu.

Biðin er dýr

Umræður á Alþingi þessa fyrstu þingdaga vetrarins benda til þess að kjósendur hafi að þessu leyti nokkuð skýrt val í komandi kosningum: Vörn eða sókn.

En fyrst ríkisstjórnin kemur ekki með hagvaxtarplan er of dýrt að biða með kosningar í heilt ár. Breytingar taka tíma. Kjósi þjóðin vöxt og velferð fremur en kyrrstöðu skiptir máli að byrja sem fyrst.

DAGSKRÁIN Á HRINGBRAUT



ÉG ER UMDEILDUR OG NÝTI MÉR ÞAÐ

Björn Ingi Hrafnsson á Viljanum lætur allt flakka í einstaklega **hispurslausu samtali** við Sigmundur Ernir í **Mannamáli** í kvöld. Hann ræðir **Átökin** á bak við tjöldin, **brothvarfið** úr pólitík, slæma umtalið, blaðamennskuveiruna, **drykkjuna** og **piparsveinslífið**.

Ekki missa af **Mannamáli kl. 20.00 í kvöld**.

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut og hringbraut.is



HRINGBRAUT



FIMMTUDAGUR 8. OKTÓBER 2020

Tíska



Tískuheimurinn hefur í gegnum tíðina aðallega verið karlafag, en upp úr lokum nítjándu aldar og í byrjun þeirrar tuttugustu spruttu fram hæfileikaríkar konur sem fóru að feta veg hátískunnar. ➔4




NTC var stofnað 1976 og byrjaði sem ein fata- og skóverslun á Laugavegi en í dag rekur fyrirtækið fjölda verslana, fata- og skóheildsölu og öflugna netverslun sem á fimm ára afmæli um þessar mundir. NTC býður upp á mikið úrval af fatnaði fyrir fólk á öllum aldri á samkeppnishæfu verði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þekkt vörumerki í netverslun NTC.IS

NTC rekur fjölda verslana og býður upp á vandaðan fatnað og skó frá vinsælum vörumerkjum. Fyrirtækið hefur eft netverslun sína verulega á árinu. Netverslunin á fimm ára afmæli um þessar mundir og þar býðst viðskiptavinum nú 20 prósentu afsláttur af völdum vörum til 11. október. ➔2

Léttu
lifrinni
lífið



Framhald af forsiðu →

NTC var stofnað 1976 og byrjaði sem ein fata- og skóverslun á Laugavegi, verslunin Sautján. Í dag rekur NTC þrettán verslanir í Kringlunni, Smáralind og í miðbænum. Verslanir undir hatti NTC eru Galleri 17, Smash/Urban, Kultur, Kultur Menn, GS Skór og Companys, Karakter, Verslunin Eva og GK REYKJAVÍK sem er glæsileg ný viðbót í verslunarflóru NTC og staðsett á Tryggvagötu 21 á Hafnartorgi.

NTC rekur einnig öfluga fata- og skóheildsölu sem selur vörur til flottra verslana á landsbyggðinni.

„Það sem við leggjum okkur fram við er að bjóða upp á fjölbreytt úrval af fatnaði og skóm sem hentar öllum aldri,“ segja Tania Lind markaðsstjóri og Maya Einarsdóttir, innkaupa- og rekstrarstjóri. „Við bjóðum upp á mörg þekkt vörumerki og leggjum metnað okkar í að bjóða upp á samkeppnishæf verð.“

Tilboð í netversluninni

„Við reukum öfluga netverslun á vefnum okkar, ntc.is, og höfum tekið eftir gríðarlegri breytingu á neysluhegðun Íslendinga síðastliðna sjö mánuði, eftir að COVID skall á,“ segir Tania. „Hentugleiki er ein af aðalástæðunum fyrir því að neytendur kjósa netverslun og við sjáum að okkar viðskiptavinir eru farnir að færa sig meira og meira yfir í netverslunina, þrátt fyrir aukningu í verslunum okkar nú í haust.“

Það er hentugt og þægilegt að geta verslað á netinu og fengið vörurnar sínar sendar heim upp að dyrum og á þessum fordæmalausu tímum er sérstaklega mikilvægt að bjóða upp á slíka þjónustu. Við erum að sinna þessari eftirspurn eftir bestu getu og bjóðum þjónustuna frjá ef verslað er fyrir meira en 10 þúsund krónur,“ segir Tania.

„Tíminn líður hratt og nú eru fimm ár síðan netverslunin var opnuð og hún hefur vaxið hraðast á þessu ári. Við erum í tilefni af afmælinu að bjóða viðskiptavinum okkar upp á 20 prósentu afslátt af völdum vörum í netverslun NTC.IS dagana 7. til 11. október,“ segir Tania.

COVID breytti kauphegðun

„NTC hefur rekið verslanir í mörg ár og lagt meira í verslanirnar sjálfar en netverslunina. Það breyttist heldur betur í mars þegar COVID skall á,“ segja Tania og Maya. „Við snerum vörn í sókn og settum nánast allan mannskap NTC í að auka vöruúrvalið í netversluninni til að geta boðið viðskiptavinum okkar að versla að heiman á meðan það versta gekk yfir. Það má með sanni segja að þessi ákvörðun hafi skilað sér, því við sjáum margfalda söluaukningu í netversluninni.“

„Við létum ekki þar við sitja og höldum áfram af fullum krafti að betrum bæta netverslunina okkar og gera hana að þrettánda verslun NTC,“ segir Maya. „Við gerum okkur grein fyrir því að margir viðskiptavinir kjósa alltaf frekar að koma í verslanir til þess að fá þá upplifun, en eftir COVID tókum við eftir stórum hópi sem kys að versla á netinu vegna hentugleika. Því má segja að COVID hafi breytt kauphegðun margra Íslendinga.“

Þægindi og klassík áberandi

„Í kjölfar breyttrar kauphegðunar landsmanna sáum við einnig gríðarlega aukningu í sölu á golf-fatnaði frá okkar vinsæla vörumerki J. Lindeberg,“ segir Katrín Steinunn vörumerkjastjóri. „Fjöldi landsmanna hóf golfferilinn sinn



Tania Lind, markaðsstjóri NTC, Maya Einarsdóttir, innkaupa- og rekstrarstjóri, og Katrín Steinunn Antonsdóttir vörumerkjastjóri eru spenntar fyrir úrvalinu sem verður boðið upp á í haust.

FRÉTTABLAÐIÐ/
STEFÁN



Ullarpeysur í alls konar útgáfum eru mjög vinsælar núna.

Kósíggallar eins og þessi frá Envii verða líklega ein vinsælasta jólagjöfin í ár.

Hljýjar og fallegar ullarkápur í klassískum litum verða áfram mjög vinsælar.

Ökklaskór eru áfram mjög vinsælir. Sér í lagi í nýjum útgáfum eins og til dæmis frá Billi Bi, en það skómerki hefur slegið í gegn undanfarin ár.

Dúnúlpur eru áfram mjög vinsælar, bæði síðar og stuttar, og mildir litir og jarðlitir einkenna hausttiskuna í ár.

nú í sumar og það er bersýnilegt að kylfingar hafa tekið vel í þessa nýjung, en J. Lindeberg golffatnaðurinn er nú seldur víða á golfvöllum og í golfverslunum um landið. Kultur menn í Kringlunni býður einnig upp á herra- og dömugolf-fatnaðinn og það er gaman að sjá hve vel honum hefur verið tekið.“

„Hausttiskan í ár er mjög fjölbreytt að vanda, en það má með sanni segja að rauði þráðurinn sé þægindi og klassík. Við erum að upplifa mikla eftirspurn eftir þægilegum fatnaði og við höfum mikið úrval af honum frá flestöldum merkjum okkar. Við erum að taka upp æðislega „kósi“-galla frá sér í vetur eru ansi mörg, til dæmis Samsøe Samsøe, Envii, Rosamunde og Rotate, til að nefna nokkur.“

„Hausttiskan í ár er mjög fjölbreytt að vanda, en það má með sanni segja að rauði þráðurinn sé þægindi og klassík.“

okkar. Kósíggallinn verður líklega ein vinsælasta jólagjöfin í ár,“ segir Maya brosandi. „Þeir koma í ýmsum efnum og þar af leiðandi á mismunandi verði. Þau merki sem eru að senda svona galla frá sér í vetur eru ansi mörg, til dæmis Samsøe Samsøe, Envii, Rosamunde og Rotate, til að nefna nokkur.“

„Ullarpeysur í alls konar útgáfum, stuttar, síðar og með eða án rúllukraga eru mjög vinsælar núna. Það er líka mikið um leðurvörur, hvort sem það eru buxur, skyrtur eða jakkar, sem passa einstaklega vel með öllum ullarpeysunum sem við seljum í mörgum litum,“ segja stelpurnar.

„Dúnúlpur eru áfram mjög vinsælar, bæði síðar og stuttar og einnig hlýjar, fallegar ullarkápur í klassískum litum,“ segja Tania og Maya. „Mildir litir sem og jarðlitir einkenna hausttiskuna í ár. Gaman er að sjá að kjólatiskan heldur áfram inn í haustið og það er mikið úrval af þeim hjá okkur, bæði stuttum og síðum.“

„Í skónum erum við að sjá

ökklaskó áfram mjög vinsæla. Sér í lagi í nýjum útgáfum eins og til dæmis frá Billi Bi, en það merki þekkir nánast hver einasta kona enda skómerki sem hefur slegið í gegn undanfarin ár. Grófir sólar og bykkir botnar eru áberandi sem og flatbotna eða með litlum hælum,“ segja stelpurnar.

„Svo er ekkert lát á vinsældum Dr. Martens, enda eru þeir náttúrulega frábærir fyrir íslenska veðráttu,“ bætir Maya við.

Netverslun NTC er að finna á vefsíðunni ntc.is. Outlet NTC í Hallarmúla 2 er líka opið, en þar er hægt að kaupa vörur úr öllum verslunum NTC á frábærum kjörum.

Skoðið // www.hjahrafnhildi.is



Haust
2020



hjá
Hjafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

Valdakonur í tískuheiminum

Tískuheimurinn hefur í gegnum tíðina aðallega verið karlafag, en upp úr lokum nítjándu aldar og í byrjun þeirrar tuttugustu spruttu fram hæfileikaríkar konur sem fóru að feta veg hátískunnar.

Jóhanna María
Einarsdóttir
johannamaria@frettabladid.is



Þróunin byrjaði hægt. Fyrst fóru fáar konur fyrir tískumerkjum en þeim fjölgaði stöðugt eftir því sem leið á öldina. Í dag er meirihluti fatahönnuða enn karlkyns, það er af þeim hönnuðum sem fara fyrir tískuhúsum. Þetta er sérstaklega kaldhæðnislegt í ljósi þess að konur eru meirihluti neytenda fatahönnuðarins. Þrátt fyrir að jöfn hlutföll karla og kvenna sé að finna á tiskupöllum unum eru konur í minnihluta á bak við tjöldin. Dæmi má taka frá árinu 2016, á tiskuvikutímabilinu vor/sumar 2017. Af 371 fatahönnuði sem fór fyrir 313 tískuhúsum, voru aðeins 40,2 prósent konur. Þá er fjöldi karlkyns fatahönnuða sem hanna kvenfatnað meiri en fjöldi kvenkyns fatahönnuða yfirleitt. „Konur eru enn í minnihluta, því miður,“ sagði Julie de Libran, hjá Sonya Rykiel, um málið. „Jafnvel þó að sum tískuhús hafi verið stofnuð af konum á sínum tíma, þá eru þau undir stjórn karla í dag.“

Einn elsti kvenkyns frumkvöðullinn innan tískuheimsins var Jeanne Lanvin. Upphaflega seldi hún hatta árið 1889 en síðar varð dóttir hennar, Marguerite Marie-Blanche di Pietro, henni innblástur og hún fór að hanna dýrlega útsaumaða silkikjóra handa stúlkum. Flíkur seldust eins og heitar lummur og upp úr 1920 var hún farin að hanna íþróttfatnað, flíkur úr feldi, undirfatnað, karlmansflíkur, sundföt, ilmvötn og innanstokksmuni.

Madeleine Vionnet er af mörgum talin vera „arkitekt“ kjólagæðarfólks, en Vionnet umblyti tískuheiminum þegar hún stofnaði tískuhús sitt árið 1912. Hún varð samstundis þekkt fyrir hvernig hún nýtti skulptúr í kjólagæðinni. Kvöldkjólarnir minntu á grískar stytur með ægífögum fellungum og brotum. Konur féllu í stafi yfir fegurðinni, þægindunum og flæðinu í kjólum Vionnet. Eins og hún sagði eitt sinn: „Þegar kona



Coco Chanel (1883-1971) sést hér í íbúð sinni í París um 1959. MYNDIR/GETTY

» Þetta eru konurnar sem ruddu brautina fyrir áhugaverðustu kvenkyns fatahönnuði nútímans.

brosir, þá á kjóllinn að brosa líka.“

Það er ekki hægt að fjalla um kvenkyns fatahönnuði án þess að nefna Coco Chanel, en hún á heidurinn af einhverjum frægustu og áhrifamestu flíkum sem hugsast getur. Litla svarta kjólnum. Tvitjakkanum. Áberandi kokteilhálsmeninu. En það var jersey-efnið sem kom henni á alheimskortið. Ferillinn hóf hún í seinni heimsstyrjöldinni. Hún var fyrsti fatahönnuðurinn til þess að nota í almennri hönnun sinni efni sem vanalega þóttu eingöngu viðeigandi í undirfatnað. Þá var hún sú fyrsta í tískuheiminum til þess að hanna styttri flíkur sem ekki voru aðsníðnar sem auðveldaði konum að hreyfa sig og frelsaði þær frá þröngum korslettum og pilsnum. Gegnum árin teygði hún úr sér innan tískuheimsins og heilla ilmvötnin hennar enn þann dag í dag.

Árið 1927 fór ferill Elsu Schiaparelli á flug eftir að hún kom fram með sína íkonisku handprjónuðu trompe l'oeil peysu þar sem hún notaði prjónatæknina til þess að ná fram nýrri vídd í efninu. Peysurnar ruku út og gáfu tóninn fyrir stíl Elsu, vel sníðnar hágæða flíkur með óvæntum snúningi. Hún var sú fyrsta til þess að nota rennilás sem áhersluatriði á flík og vann með listamönnum eins og Salvador Dali og Meret Oppenheim. Einstakur still hennar kom



Sonia Rykiel (1930-2016) við opnun verslunar sinnar í London.



Jeanne Lanvin (1867-1946). Hér er fatahönnuðurinn stödd í stúdíóinu sínu í Frakklandi árið 1930.



Elsa Schiaparelli (1890-1973) fæddist í Ítalíu en starfaði sem fatahönnuður í Frakklandi.

henni á forsiðu Time-tímaritsins, en hún var fyrsti kvenkyns fatahönnuðurinn til þess að hljóta þann heidur.

Mary Quant á heidurinn af pínupilsinu. Quant segist hafa orðið fyrir áhrifum stúlkanna á King's Road í London á 7. áratugnum og sagði að þær hefðu í raun fundið upp mínipilsid. „Ég var bara að búa til einföld, þægileg og ungæðisleg föt sem hægt væri að hreyfa sig í, hlaupa og stökkva.“

Stuttir litríkir kjólar hennar og mynstraðar sokkabuxur gáfu tóninn fyrir áratuginn.

Franski fatahönnuðurinn Sonia Rykiel byrjaði feril sinn árið 1962 á

óléttutímabili þegar hún þræði mjúkar peysur. Hún byrjaði að framleiða flíkur undir tískunafni eiginmanns síns, og meðal þeirra var röndótt peysa sem hún kallaði „Poor Boy“. Síðar meir áttu prjónuðu peysurnar hennar og kjólarnir eftir að breyta tískumarkaðnum til frambúðar. Hún var fyrsti hönnuðurinn til þess að hafa saumana sýnilega utan frá og prenta orð eða frasa á peysur.

Þetta eru konurnar sem ruddu brautina fyrir áhugaverðustu kvenkyns fatahönnuði nútímans. En á eftir þessum sex íkonisku fatahönnuðum má nefna langan lista af konum sem hafa sett sitt einstaka mark á tískuheiminn á ógleymanlegan hátt. Þar má nefna: Elsa Peretti, Vivienne Westwood, Rei Kawakubo, Miuccia Prada, Carolina Herrera, Diane Von Furstenberg, Betsey Johnson, Norma Kamali, Donna Karan, Stella McCartney, Vera Wang, Sarah Burton, Alberta Ferretti, Phoebe Philo, Olsen-systurnar og margar fleiri.

NÝJAR HAUSTVÖRUR STREYMA INN



LÍTTU VIÐ Á BELLADONNA.IS

Verslunin Belladonna



belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is



Reykjalundur

FIMMTUDAGUR 8. OKTÓBER 2020



Eftir alvarleg veikindi, slys, áföll eða aðgerð, er mikilvægt að fá endurhæfingu til að hjálpa fólki að ná aftur fóttfestu í hversdagslífinu. Læknisfræðileg endurhæfing er sérhæfð meðferð sem byggir á þeirri hugmyndafræði að taka heildrænt á afleiðingum sjúkdóma og slysa. Reykjalundur hefur veitt endurhæfingarpjónustu með breiðri og reynslumikilli starfsemi. MYND/ODD STEFÁN

Í fararbroddi endurhæfingar í 75 ár

Reykjalundur er heilbrigðisstofnun í eigu SÍBS og hófst starfsemin árið 1945. Reykjalundur fagnar því 75 ára afmæli á þessu ári. Reykjalundur er stærsta endurhæfingarstofnunin hér á landi og þjónar öllu landinu. Í boði er fyrsta flokks aðstaða til endurhæfingarpjónustu.

Pétur Magnússon, forstjóri Reykjalundar, segir að fyrstu 15 árin hafi einungis berklasjúklingar dvalið á Reykjalundi en það breyttist um 1960, þegar berklaveikin fór að láta undan síga og ljóst varð að ekki væri lengur þörf á endurhæfingu fyrir þennan

sjúklingahóp í sama mæli og áður. Á næstu árum breyttist starfsgrundvöllur Reykjalundar, áherslur í endurhæfingu urðu fjölbreyttari og Reykjalundur breyttist í alhliða endurhæfingarmiðstöð. Nýbyggingar og meira viðhald á húsnæði Reykjalundar er að meginhluta

fjármagnað með hagnaði af Happdrætti SÍBS, að sögn Péturs.

Alhliða endurhæfing

„Á Reykjalundi fer fram alhliða endurhæfing sem miðar að því að bæta lífsgæði, færni og sjálfsbjargargetu þeirra sem þangað

leita. Endurhæfing Reykjalundar einkennist af samvinnu fagfólks, sem myndar átta sérhæfð meðferðarteymi, ásamt Miðgarði sem veitir sólarhringsþjónustu. Einnig er fjöldi gistirýma í boði fyrir fólk sem af landfræðilegum eða öðrum ástæðum getur ekki farið heim að

lokinni meðferð á daginn. Markmið endurhæfingarinnar er að sjúklingar endurheimti fyrri getu sína eða bæti heilsu sína.

Um 110-130 sjúklingar sækja þjónustu á degi hverjum. Á hverju

Framhald á síðu 2 →

Framhald af forsiðu →

ári fara um það bil 1.300 manns í gegnum endurhæfingarmeðferð á Reykjalundi, flestir í fjórar til sex vikur í senn. Auk þess kemur fjöldi fólks í viðtal á göngudeild á hverju ári,“ greinir Pétur frá og bætir við að endurhæfing skipti sköpum þegar kemur að líkamlegri og andlegri heilsu.

Hvað er endurhæfing?

„Eftir alvarleg veikindi, slys, áföll eða aðgerð er mikilvægt að fá endurhæfingu til að hjálpa fólki að ná aftur fötfestu í hversdagslífinu.

Læknisfræðileg endurhæfing er sérhæfð meðferð sem byggir á þeirri hugmyndafræði að taka heildrænt á afleiðingum sjúkdóma og slysa. Endurhæfingin byggir á samvinnu margra fagaðila, sjúklings og hans nánustu. Beitt er sálfræðilegum, líkamlegum og félagslegum aðferðum, með það að markmiði að uppræta, minnka eða bæta fyrir skerðingu í færni og virkni sem sjúkdómur eða slys hefur valdið,“ útskýrir Pétur.

„Endurhæfing er teymisvinna sem er einstaklingsmiðuð fyrir hvern sjúkling. Tekið er mið af getu hans og færni sem og persónulegum þáttum eins og menntun, fjölskyldu, búsetu, kyni, vinnu og fleiru, allt eftir því hvað er verið að vinna með. Mikil áhersla er lögð á fræðslu og þátttöku sjúklings. Lögð er áhersla á grunnþætti heilbrigðs lífs, svo sem heilsusamlegt mataræði, reykleysi, hæfilega hreyfingu og góðan svefn. Markmið endurhæfingarinnar er að bæta líðan og lífsgæði sjúklings og getu hans til að nýta sér ýmis bjargráð sem honum eru kennd.“

Þverfagleg samvinna fagfólks á Reykjalundi

„Í upphafi voru aðeins lækna og



Pétur Magnússon er forstjóri Reykjalundar. Hann segir að það séu mörg tækifæri og möguleikar í stöðinni í framtíðarsýn Reykjalundar og hann segist vera spenntur að fá að takast á við þau. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Með fjölgun þjóðarinnar og vaxandi meðalaldri er nauðsynlegt að skoða og tileinka sér aukna þjónustu og nýja möguleika.

hjúkrunarfræðingar starfandi á Reykjalundi. En fagfólki hefur fjölgað jafnt og þétt í gegnum árin.

Meðal helstu fagstétta sem

koma að beinni meðferð sjúklunga á Reykjalundi eru félagsráðgjafar, heilsuþjálfarar, hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar, iðjuþjálfarar, lækna, næringarfræðingar, sálfræðingar, sjúkráþjálfarar og talmeinafræðingar,“ upplýsir Pétur og segir að saman geti hópurinn myndað frábært meðferðarteymi.

Meðferðarteymin eru hjartað í starfsemi

„Hjartað í starfsemi Reykjalundar er teymisvinna fjölbreytts hóps sérhæfðs heilbrigðisstarfsfólks

sem myndar meðferðarteymi. Í meðferðarteymunum er sett upp einstaklingsmiðuð endurhæfingaráttir fyrir hvern og einn sjúkling, sem miðar að því að bæta líkamlega getu og andlega og félagslega líðan. Misjafnt er hvernig endurhæfingu hver og einn þarf á að halda og því skiptir miklu máli að heilbrigðisstarfsfólk með ólíka sérfræðipækkingu vinni saman að bættri líðan. Markmið teymisvinnu er að veita þverfaglega, heildræna meðferð byggða á gagnreyndri þekkingu. Áhersla er lögð á samtalsmeðferð, einstaklings- og hópmeðferð, fjöl-

breytta hreyfingu, námskeið og fræðslu.

Afar mikilvægt er að sjúklingurinn sé virkur í sinni endurhæfingu til að hún skili sér sem best.“

Aðstaðan er fyrsta flokks

„Á Reykjalundi er fyrsta flokks aðstaða til endurhæfingar á öllum sviðum. Markmiðið er að hafa heimilislegt, vinalegt og þægilegt umhverfi svo öllum líði sem best. Á Reykjalundi er æfingataekjasalur, fullbúinn íþróttasalur, meðferðarstofur, vinnustofur, smíðaverkstæði, rými fyrir alls kyns handmennt, æfingaeildhús, fræðsluherbergi, slökunarsalur, hvíldarherbergi, setustofur, starfsendurhæfingarvinnustaður og tvær sundlaugar, svo eitthvað sé nefnt. Á Reykjalundi eru tiltæk hvers kyns hjálpartæki til að aðstoða fólk með mismunandi líkamlega færni við daglega iðju,“ segir Pétur og bætir við.

„Þrátt fyrir að flestir telji heilbrigðisþjónustu vera einn af hornsteinum samfélagsins, er ljóst að fjármunir í heilbrigðismál eru og munu verða takmarkaðir. Vegna þess er mjög mikilvægt að nota þessa fjármuni með eins markvissum hætti og mögulegt er, með það að leiðarljósi að hámarka þjónustu og gæði. Min skoðun er sú að endurhæfing og forvarnir séu vannýttur þáttur í því sambandi og við getum gert töluvert betur. Með fjölgun þjóðarinnar og vaxandi meðalaldri er nauðsynlegt að skoða og tileinka sér aukna þjónustu og nýja möguleika. Það eru mörg tækifæri og möguleikar í stöðunni í framtíðarsýn Reykjalundar og ég er spenntur að fá að leggja á árar með starfsfólki að gera þetta að veruleika með hagsmuni samfélagsins að leiðarljósi.“



Bryndís er formaður Hollvinasamtaka Reykjalundar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hollvinasamtök Reykjalundar

Hollvinasamtök Reykjalundar eru samtök fólks sem þykir vænt um Reykjalund og er tilbúið til að leggja sitt af mörkum til að efla starfsemi og styrkja frekari uppbyggingu hennar. Margir eiga þessari stofnun líf sitt að þakka, eða eiga vini og ættingja sem hafa fengið bót sinna meina eftir dvöl á Reykjalundi,“ segir Bryndís Haraldsdóttir alþingismaður og formaður samtakanna.

Um fjögur hundruð manns eru í Hollvinasamtökunum. Engin skuldbinding fylgir því að vera félagi, önnur en sú að borga hóflegt árgjald sem nýtt er í þágu starfsemi Reykjalundar. Aðrir sem vilja leggja Reykjalundi lið geta haft samband við samtökin, sem sjá þá um að koma fjármunum rétta leið. „Samtökunum hafa borist miklar og góðar gjafir frá einstaklingum, félagsamtökum og fyrirtækjum á undanförunum árum,“ segir Bryndís. Hollvinasamtökin hafa staðið

fyrir kaupum á ýmsum tækjum sem gagnast starfsemi vel en þau eru keypt í samráði við forstjóra, lækna og aðra sem til þekkja. „Á síðustu árum höfum við gefið hjartaómtæki og öndunarmæli, sem eru til þess gerð að auka enn frekar þjónustu við skjólstaðinga Reykjalundar. Hollvinasamtökin voru stofnuð í lok árs 2013 og hafa frá þeim tíma gefið Reykjalundi gjafir fyrir rúmlega 60 milljónir,“ segir Bryndís.

Hollvinasamtökin eru mikilvæg fyrir Reykjalund. „Fjármunir hins opinbera eru oft takmarkaðir og þá skipta svona samtök miklu máli. Það er ánægjulegt hversu margir vilja leggja Reykjalundi lið og það er greinilegt að fólki er annt um þessa stofnun.“

Hægt er að skrá sig sem hollvin á heimasíðu Reykjalundar reykjalundur.is

COVID endurhæfing er krefjandi og spennandi verkefni

Reykjalundur er stærsta endurhæfingarstöð landsins og þar er unnið fjölbætt starf með mikilli sérhæfingu á mörgum sviðum. Þar er meðal annars verið að þróa meðferð fyrir fólk sem glímur við eftirköst COVID-19.

„Hjá Reykjalundi starfa átta fagteymi, hvert með sína sérhæfingu, en rauði þráðurinn í starfsemi okkar eru stóru heilsuvandamál in samfélaginu, stoðkerfisvandamál, verkir, ofþyngd og geðheilsa,“ segir Stefán Yngvason, framkvæmdastjóri lækninga á Reykjalundi. „Birtingarmynd sjúkdóma er önnur í dag en fyrir nokkrum áratugum. Við lifum lengur og það þýðir að þegar við eldumst lifum við með marga sjúkdóma í stað þess að deyja fyrr á ævinni. Þess vegna þurfum við þjónustu sem tekur á mörgum þáttum samtímis.“

Verri kvillar en venjulega

„Eftir veirusýkingar getur fólk fengið ýmsa kvilla en svo virðist sem fólk sem fær slíka kvilla eftir COVID-19 fái langvinnari og fjölbreyttari einkenni en eftir aðra veirusjúkdóma,“ segir Stefán. „Fólk finnur fyrir síþreytu, verkjum, svefntruflunum, heilsukvíða og ýmsu öðru. Þetta veldur óvinnufærni hjá mörgum og það er ákall um að tekist sé á við þetta. Við bjóðum upp á meðferð og vorum ánægð með yfirlýsingu heilbrigðisráðherra um að það standi til að setja 200 milljónir króna í þessi endurhæfingarverkefni.“

Meðferðin er ólík eftir einkennum og það skiptir máli að fara ekki ofgeyst, en ef það liða vikur eða mánuðir með sömu vandamálum



Stefán Yngvason, framkvæmdastjóri lækninga á Reykjalundi, segir að svo virðist sem fólk sem fær kvilla eftir COVID-19 fái langvinnari og fjölbreyttari einkenni en eftir aðra veirusjúkdóma. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Eftir veirusýkingar getur fólk fengið ýmsa kvilla en svo virðist sem fólk sem fær slíka kvilla eftir COVID-19 fái langvinnari og fjölbreyttari einkenni.

þarf að grípa inn í,“ segir Stefán.

„Það getur líka verið mikilvægt að fá viðurkenningu á að þetta sé vandamál sem þarf hjálp með.“

Nú eru sjö í meðferð hjá okkur og 40 á biðlista. En rétt eins og með lyfjameðferðina og gjörgæslumeðferð fyrir COVID-sjúklinga, er fólk enn að prófa sig áfram og finna leiðir í endurhæfingunni,“ útskýrir Stefán. „Við gerum mælingar til að fylgjast með því hvort framfarir hafi orðið og reynum að tengja það við meðferðarræði. Þetta er ferli sem tekur langan tíma.“

Velferð sjúklinganna ávallt í fyrsta sæti

Saga hjúkrunar á Reykjalundi er 75 ára, eins og saga stofnunarinnar sjálfrar. Á þeim árum hefur starfið tekið breytingum. Öflugt starfsfólk stendur í brúnni og þar á meðal hjúkrunarfræðingar.

Framkvæmdastjóri hjúkrunar á Reykjalundi, Lára M. Sigurðardóttir, hefur langa starfsreynslu á staðnum en hún hefur starfað þar í 37 ár.

„Ég hef unnið við hjúkrun hérna í öll þessi ár og sem framkvæmdastjóri hjúkrunar frá því árið 2000. Hjúkrunarfræðingar hafa verið samofnir stofnuninni frá upphafi, en annar starfsmaðurinn sem var ráðinn hér inn, og sá fyrsti á eftir yfirlækni, var yfirhjúkrunarkonan Valgerður Helgadóttir. Hún lagði grunninn að því starfi sem við höfum að miklu leyti byggt á í öll þessi ár,“ segir Lára.

„Við höfum auðvitað aðlagast breytingum sem hafa orðið í þjóðfélaginu eins og annars staðar og hjúkrun hefur þróast verulega hér á þessum árum. Starfið er að vissu leyti orðið ólíkt því sem það var. En hjúkrun er alltaf hjúkrun og umönnun og velferð sjúklinganna er alltaf í fyrsta sæti. Við erum hér fyrir þá.“

Hjúkrunarfræðingar sinna hjúkrun á öllum sviðum á Reykjalundi og allir sjúklingar sem koma



Lára M. Sigurðardóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar á Reykjalundi hefur starfað þar í 37 ár. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

þangað hitta hjúkrunarfræðing. Lára segir það mjög mikilvægt fyrir sjúklingana, þar sem hjúkrunarfræðingar nálgast sjúklingana með heildrænni nálgun og hafi því

mikilvæga sýn á þeirra mál sem þeir leggja inn í teymisstarfið. Samhliða starfsemi Reykjalundar er rekið Sambýlið Hlein. Það var opnað árið 1993 og byggt

fyrir fé sem safnaðist í landssöfnun Lions-hreyfingarinnar með sölu á rauðu fjóðrinni. „Sambýlið er ætlað fyrir þá sem hafa hlotið varanlega fötlun

Við höfum auðvitað aðlagast breytingum sem hafa orðið í þjóðfélaginu eins og annars staðar og hjúkrun hefur þróast verulega hér á þessum árum.

vegna sjúkdóma eða slysa. Þar búa sjö einstaklingar sem hver hefur sína stúdíóbúð með svefnplássi, sérbaðherbergi og stofukrök,“ útskýrir Lára.

Á Reykjalundi er rekin vinnustofa fyrir íbúana á Hlein sem þeir fara í á hverjum degi, en þeir sækja einnig þjálfun á Reykjalund.

„Það er mjög öflugt starfsfólk hjá Hlein sem sumt hefur starfað þar frá því að sambýlið var opnað. Þar er þroskaþjálfari í forstöðu og með henni er sjúkraliði. Þær standa í brúnni en svo starfa þarna félagsliðar og sjúkraliðar ásamt ýmsum fleirum.

Dyrnar standa alltaf opnar

Reykjalundur er stór vinnustaður og eitt það mikilvægasta er að hlúa að þeim mannauði sem staðurinn býr að.

Guðbjörg Gunnarsdóttir hóf störf sem deildarstjóri launadeildar á Reykjalundi árið 2001. „Árið 2005 bætti ég við mig námi og fór í diplómanám í mannauðsstjórnun við endurmenntun HÍ. Í kjölfarið var mér veitt traust og svigrúm til að gera margvíslegar breytingar á starfinu. Það má segja að eitt af mínum fyrstu verkum hafi verið að skilgreina deildina mína sem þjónustudeild við alla starfsmenn,“ segir Guðbjörg, mannauðsstjóri á Reykjalundi.

Trúnaður er lykilorð

Guðbjörg segir að hlutverk mannauðsstjóra sé fyrst og fremst að styðja við starfsmenn og stjórnendur. „Ég mæti hverjum og einum þar sem hann er staddur, en eðli starfsins snertir nánast undantekningarlaust samskipti við persónur. Ráðningar, uppsagnir, samskiptamál og fleira kemur því inn á mitt borð. Trúnaður er lykilorð í samskiptum mannauðsstjóra við allt sitt fólk. Oft eru viðkvæm mál borin upp og þá skiptir traust og virðing öllu. Þá er einnig mikilvægt að dyr mannauðsstjóra standi öllum starfsmönnum opnar, alltaf.“

Eitt stórt teymi

Hjá Reykjalundi starfa 200 manns í 166 stöðugildum. „Mannauðurinn er sannarlega mesta auðlind Reykjalundar því þar liggur þekkingin og reynslan. Starfsmenn gegna því lykilhlutverki í þeim góða árangri sem náðst hefur í endurhæfingu á Reykjalundi. Við státum okkur af því að vera flaggskip endurhæfingar á Íslandi. Til vitnis um það höfum við á að skipa 13 heilbrigðismenntuðum fagstéttum, svo þverfaglega nálgunin í okkar starfi er mikil. Að auki starfar hjá okkur hópur fólks sem sinnir mikilvægum störfum á borð við ræstingu, móttöku, skrifstofustörf og í mótuneyti. Saman myndum við



Guðbjörg Gunnarsdóttir er mannauðsstjóri Reykjalundar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN.

Mannauðurinn er sannarlega mesta auðlind Reykjalundar því þar liggur þekkingin og reynslan. Starfsmenn gegna því lykilhlutverki í þeim góða árangri sem náðst hefur í endurhæfingu á Reykjalundi.

því eitt stórt teymi þar sem valinn maður er í hverju rúmi.“

Einn dag í einu

Guðbjörg segir að þeir fordæmalaus tímar sem við lifum taki ansi mikið af tíma allra stjórnenda. „Einmitt núna vinn ég að því að standa vörð um réttindi starfsmanna sem eru tilbúnir til að bregðast við breyttum aðstæðum, og fara frá því að vera dagvinnufólk yfir í að vera vaktavinnufólk. Eins mikið og mann langar til að gera plön um næstu vikur og mánuði þá breytist allt svo hratt þessa dagana og maður neyðist til að taka einn dag í einu.“



Óskar Jón Helgason framkvæmdastjóri þjálfunar og ráðgjafar á Reykjalundi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þverfagleg nálgun og teymisvinna skilar góðum árangri

Óskar Jón Helgason, framkvæmdastjóri þjálfunar og ráðgjafar á Reykjalundi, segir þverfaglega teymisvinnu bæði árangursríkan og mikilvægan hlekk í endurhæfingu.

„Einn helsti styrkleiki endurhæfingar á Reykjalundi er sú þverfaglega nálgun sem þar er beitt. Staðnum er skipt upp í mismunandi meðferðarteymi sem eru samsett með fagaðilum úr mismunandi fagstéttum,“ segir Óskar.

„Meðferðarteymin eru hver með sína sérhæfingu eftir þeim heilsufarsþáttum sem verið er að vinna með, en markmiðin eru í stórum dráttum alltaf þau sömu. Að bæta lífsgæði, færni og sjálfsbjargargetu einstaklinganna.“

Teymin skipa fjölda starfsstétta. „Í meðferðarteymum Reykjalundar starfa félagsráðgjafar, heilsuþjálfarar, hjúkrunarfræðingar, iðjuþjálfarar, læknar, næringarfræðingar, sálfræðingar, sjúkraliðar, sjúkrapjálfarar og talmeinafræðingar. Þekking innan teymanna er því á mjög breiðu sviði og því er hægt að setja upp meðferð sem mætir þörfum hvers og eins út frá þeim þáttum sem helst þarf að vinna með.“

Teymin eru mynduð út frá þörfum skjólstæðinga. „Á grundvelli viðtala og prófana í byrjun

er meðferðarþörf einstaklings metin og meðferðin síðan lögð upp með aðkomu teymisins í heild. Í meðferðinni er svo blandað saman sérhæfðri einstaklingsmeðferð hjá þeim fagstéttum sem við á, ásamt almennri uppbyggingu í hópum og umfangsmikilli fræðslu,“ segir Óskar.

Markmiðið er að efla og styrkja þá einstaklinga sem koma á Reykjalund, með það í huga að viðkomandi búi yfir aukinni færni og innsýn sem nýtist að meðferð lokinni. „Mikil áhersla er lögð á að við útskrift hafi þeir sem koma til meðferðar á Reykjalundi öðlast verkfæri og þekkingu til að halda sjálfir áfram að vinna í sínum málum og skilning á hvað þarf til.“

Óskar segir þverfaglega nálgun nauðsynlega í endurhæfingu þar sem margir þættir koma saman. „Í umhverfi þar sem vandamálin eru margþætt og flókin er ómetanlegt að málin séu tekin fyrir af hópi sérfræðinga, sem sameina hæfileika sína og sérþekkingu til að tryggja markvissa meðferð. Rannsóknir á teymisvinnu í endurhæfingu gefa líka vísbendingar um að gæði þjónustunar þar sem nálgun er þverfagleg sé betri og ánægja bæði starfsfólks og sjúklinga með niðurstöðu meðferðarinnar meiri.“

Curvy 

MIKIÐ ÚRVAL AF KÓSY HEIMAFÖTUM

Stærðir 14-30 eða 42-58

Sjáðu úrvalið og pantað í netverslun www.curvy.is

Opið í verslun Curvy alla virka daga
frá kl. 11-18 og laugardaga frá kl. 11-16



FRÍ HEIMSENDING

Ef þú verslar fyrir
5000 kr eða meira



Náttkjöll
6.590 kr
Stærðir 14-30



Jogging galli
8.990 kr
Stærðir 16-26



Kósy kjöll
8.590 kr
Stærðir 14-30



Djúsi Peysa
5.990 kr
Stærðir 16-26



Náttbuxur
7.590 kr
Stærðir 14-30



Viscose kjöll
5.990 kr
Stærðir 16-26



Á tímum strangs samkomubanns er upplagt að skapa sér fegrunar- og dekurttíma heima, til dæmis slökun í baði með kertaljós og bók.



Það er gamalt og árangursríkt fegrunarráð að leggja ferskar gúrkusneiðar ofan á augnlökin. MYNDIR/GETTY



Það er gaman að fríska upp á tásur og hendur með fall-egu lakki yfir vel heppnaða hand- og fótisnyrtingu.

Dásamlegt dekurlíf heima

Það er alltaf rétti tíminn til að hlúa að sjálfum sér en kannski aldrei eins og í tíð samkomubanns og hvatningar til að vera sem mest heima. Þá er tilvalið að dekra sem best við líkama og sál.

Þórdís Lilja
Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Við lifum á strembnum tímum, kórónaveiran hefur sett allt úr skordum og ekki er lengur hægt að komast á snyrti- og hárgreiðslustofur vegna 20 manna samkomubannsins. Þó er engin ástæða til að láta útlitið drabbast niður og hægt að stjarna svolítið við sjálfan sig heima á meðan ekki er fært til sérfræðinganna á því sviði. Hér gefast hugmyndir að heimadekri sem gefur frískandi og fallegt útlit og lætur sálinni líða vel.

Byrjið á að lækka ljósin og kveikja á kertum. Það gefur nota-

lega stemningu og fallega birtu á meðan látið er renna í heitt freyðibað og róandi tónlist er sett á fóninn, eða jafnvel heillandi náttúruhljóð látin fylla rýmið, eins og til dæmis fuglasöngur svartþrasta eða ölduniður. Bæði kertin og hljóðin friða hugann og losa um streitu. Þá geta ilmoliur gert ljúfa stund enn huggulegri.

Leggist nú ofan í hlýtt vatnið og látið ykkur dagdreyma þar til fingur og tær verða að rúsinum, jafnvel með liðsinni góðrar bókar. Heitt vatnið linar þreytta vöðva, lækkar blóðþrýsting og blóðsykur, dregur úr streitu og kviða, líka spennu- höfuðverk og migreni, og bætir svefninn. Áður en farið er upp úr er tilvalið að skrúbba kroppinn með

skrúbbhanska og skrúbbkremi til að losa af dauðar húðfrumur. Þvíð líka hárið með góðu og vellyktandi sjampói og hárnæringu, og setjið jafnvel í það sérstakan hármaska sem endurnærir hárið og gerir það silkimjúkt og gljáandi.

Farið í þægileg kósíföt eftir baðið og hlýja, mjúka sokka. Þið getið þótt vera á snyrtistofu og til dæmis nuddað andlitið með hreinsilíu, sett andlitshreinsi á andlitið og hálsinn og skolað af með volgu vatni. Eða þá skrúbbað andlitið með andlitskrúbbi eða sett á ykkur frískandi maska í tíu mínútur og svo borið á gott raka-krem í endann til að fá andlitið til að ljóma af ferskleika og mykt.

Handsnyrtning er við hæfi á

» Róandi tónlist skapar notalegt andrúmsloft, jafnvel heillandi náttúruhljóð, eins og fuglasöngur svartþrasta eða ölduniður, friðar hugann og losa um streitu.

dekurstund heima. Byrjið á að fjarlægja gamalt naglakkl með asetóni og mótið svo neglurnar og gerið jafnar með naglaþjöl. Dýfið nöglunum í skál með volgu vatni í 3 mínútur og notið þjöl til að ýta naglaböndum niður. Lakkið nú

neglurnar í uppáhalds litnum, látið þorna vel og setjið yfirlakk til að vernda litinn sem lengst. Endið handsnyrtinguna á að bera endurnærandi handáburð á hendurnar.

Það er líka upplagt að dekra við tásurnar. Fjarlægjið gamalt naglakkl með asetóni. Farið í heitt fóta-bað í fimmtán mínútur og raspið af dautt skinn með fótaraspi. Mótið táneglurnar með nagalklippum og naglaþjöl. Setjið rakakrem á fæturna og lakkið neglurnar.

Annað dásamlegt bjútitríx heima við er að leggjast á mjúkan flöt með dúnmjúkt teppi og gúrkusneiðar á augnlökunum í nokkrar mínútur. Kuldinn í gúrkunni slakar á augnumgjörðinni og dregur úr dökkum baugum.


ENDURSKOÐUN OG BÓKHALD

Sérblað Fréttablaðsins um Endurskoðun og bókhald kemur út miðvikudaginn 14. október.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir

Arnar Magnússon markaðsfulltrúi Fréttablaðsins
Sími: 550-5652 / arnarm@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Þjónusta

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrur, flísa- & parketlagningar og trésmíði. S. 616 1569

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Þjóðum hagstætt verð í töfluskípti. Straumblik ehf. Löggitur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu



MAXI - COSI BÍLSTÓLL - POKI - SPEGILL

Maxi-Cosi CabrioFix innan við árgamall. Einstaklega léttur ungbarnastóll vegur aðeins um 3,5 kg. Fyrir 0-13 kg. Ásamt bílóstólápoka, Britax spegil og dóti. Verðh. 25þús eða tilboð óskast S. 663 3313



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali
Verð við allra hæfi

Til bygginga



HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnasklæðning, panill, pallaefni, útihúðir, ofl. Gæði á góðu verði. Eurotec A4 harðviðarskrúfur. Penofin og Armstrong Clark harðviðarolla. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

FYRIR AÐSTOÐ INNLANDS

gjofsemgefur.is
907 2002

GEFÐU HÆNU

gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar

Til sölu

Geymsluskúrar að Álhelli 14, Hafnarfirði



Erum með til sölu geymsluskúra að Álhelli 14 Hafnarfirði. Afhending í desember 2020.

45 fm geymsluskúr á 14.900.000 kr
32 fm geymsluskúr á 9.900.000 kr
26,3 fm geymsluskúr á 8.500.000 kr

Nánari upplýsingar veitir Gunnar Bergmann í síma: 839-1600 eða gunnar@fasteignamidun.is

Pípulagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA

Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Uppýsingar í síma 868-2055

Málarar

REGNBOGALITIR EHF.

Alhliða málningaráþjónusta. Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Vönduð vinnubrögð og vanir menn. Sími 8919890 eða malarar@simnet.is

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. ofl. Extra stór bíll. Búslóðaflutningabj. Mikkaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



Sérfræðingar í ráðningum

FAST Ráðningar

lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is

www.fastradningar.is

job
Finnum draumastarfið saman

Erum við að leita að þér?



Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

Geymsluskúrar / gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bærustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is



Varahlutir í VOLVO Vinnutæki



Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

LED leiðiskrossar



- Gengur fyrir rafhlöðum eða tengist rafmagni.
- Rafhlaða endist um það bil í einn mánuð.

Upplýsingar í s. 699 6869 og rafeindir.is

ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR

ÞARET ÞÚ AÐ KOMA FYRIR TÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?



HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

Sími 550 5055 | smaar@frettabladid.is


viftur.is

Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

íshúsið
S: 566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur



Ferðaþjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is



Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi

hagvangur.is

 **HAGVANGUR**

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

89%

Með því að auglýsa í
Atvinnublaðinu nær
þitt fyrirtæki til **89%**
lesenda dagblaða*
á höfuðborgarsvæðinu.



*Fréttablaðið og Morgunblaðið

Heimild: Prentmæling Gallup, jan. - jún. 2019. Lesendur dagblaða á Höfuðborgarsvæðið á aldrinum 18-49 ára.



Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningarpjónustu sniðna að þörfum viðskiptavinarins.

Stjórnendaleit

Reynsla og gott tengslanet sérfræðinga Ráðum skilar árangri þegar finna þarf æðstu stjórnendur eða fólk í stjórnir fyrirtækja.

Ráðningar millistjórnenda og sérfræðinga

Góður gagnagrunnur, gott tengslanet og áralöng reynsla á ráðningarmarkaði eykur líkurnar á því að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Almennar ráðningar á markaði

Öflun umsækjenda í almenn störf er ein helsta áskorun fyrirtækja í dag. Þekking á markaðnum er því mikilvæg og þar skiptir reynslan miklu máli. Með leit í gagnagrunni eða auglýsingu í viðeigandi miðlum aðstoðar Ráðum fyrirtæki við að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Sveigjanleg nálgun

Sérstaða Ráðum liggur í sveigjanlegri nálgun á ráðningarverkefnið. Fyrir utan að sjá um allt ráðningarferlið komum við til móts við þarfir fyrirtækja með því að sjá um hluta þess ef þörf krefur, t.d. bakgrunnskannanir, hæfnismat eða starfstengdar æfingar.

Matstæki

Ráðum notast við nýjustu aðferðir við að meta hæfni og persónuleikaþætti sem geta skipt sköpum í ráðningum. Ráðum er í samstarfi við bandaríska mannauðslausnafyrirtækið CEB sem er í fararbroddi í persónuleikaprófum og öðrum matstækjum sem eru sérstaklega hönnuð til að greina sérstöðu og hæfileika einstaklinga áður en ráðning fer fram.

Þannig er hægt að finna hæfasta einstaklinginn með talsverðri nákvæmni. Persónuleikamatið OPQ32 og DSI (Dependability & Safety Index) skimunarprófið hafa t.d. verið stöðluð og staðfærð að íslenskum markaði.

Ráðgjöf við starfslok

Viðskilnaður fyrirtækis við starfsmann skiptir höfuðmáli þegar fyrirtækið á frumkvæðið að starfslokum. Ráðum býður upp á viðtal við ráðgjafa sem felur m.a. í sér upplýsingar um atvinnumarkaðinn, ráðgjöf varðandi starfsferilskrá og kynningarbréf og hagnýt atriði varðandi starfsleit og atvinnuviðtöl.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

COSTCO LEIKFÖNGIN KOMIN Í EXTRA*



3.999.-



6.999.-



2.499.-



3.999.-



3.499.-



3.499.-



4.499.-



3.999.-



3.499.-



5.499.-



EXTRA

Kemur með Costco til þín...

Barónsstíg 4, 101 Reykjavík • Mýrarvegi, 600 Akureyri
Hafnargata 51-55, 230 Reykjanesbæ

* BREYTTILEGT ÚRVAL MILLI VERSLANA

Allt undir í Laugardalnum í kvöld

Í kvöld lýkur um það bil árs langri bið eftir leik íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu gegn Rúmeníu í undanúrslitum í umspili um laust sæti á EM 2020. Púslin hafa fallið vel saman í aðdraganda leiksins og eru allir leikmenn íslenska liðsins klárir í slaginn.

FÓTBOLTI Ísland fær Rúmeníu í heimsókn á Laugardalsvöllinn í kvöld en liðin berjast þar um farseðilinn í úrslitaleik um laust sæti á EM 2020. Leiknum hefur í þriggja dögum verið frestað vegna kórónaveirufaraldursins og í aðdraganda þessa leiks hafa sóttvarnasjónarmið farið frá því að engir áhorfendur verði leyfðir upp í að um og yfir 1.000 geti mætt á leikinn þar til endanleg niðurstaða varð sú að 60 meðlimir Tölvunnar munu fá það hlutverk að aðstoða strákana við að ná í sigurinn sem færir þá skrefi nær því að komast inn á þriðja stöðum í röð.

Einn jákvæður punktur við það að leikurinn fari fram á þessum tímamarki í stað fyrri leikdaga er sá að í fyrsta skipti í stjórnaði Eriks Hamrén og Freys Alexanderssonar eru allir lykilleikmenn íslenska liðsins leikfærir. Gamla bandið er því komið saman og mun vonandi spila í takt eins og það hefur áður gert í mikilvægum leikjum á Laugardalsvöllum.

Engin meiðsli í leikmannahópnum fyrir þennan leik

Kári Árnason hefur ekki spilað með Víkingi í síðustu leikjum liðsins en Hamrén sagði á blaðamannafundi í gær að hann væri í finu standi og meiðsli væru ekki að plaga hann. Þá léku Kolbeinn Sigþórsson og Jóhann Berg Guðmundsson með félagsliðum sínum í síðustu leikjum þeirra fyrir landsleikjahléið.

Hamrén sagðist búast við jöfnum leik milli liða sem væru á svipuðum stað hvað styrkleika varðar og það sem myndi líklegast skilja á milli væri hvort liðið gerði færri stórir mistök. Leiða má líkur að því að reynsla leikmanna muni veita þungt þegar byrjunarliðið verður valið fyrir þennan leik sem talið er að sé upp á það að færa KSÍ nær því að fá í sinn hlut að minnsta kost einn og hálfan milljarð.

Hannes Þór Halldórsson mun standa á milli stanganna og hafsentaparið verður Kári Árnason og Ragnar Sigurðsson. Ari Freyr Skúlason hefur verið að festa sig aftur í sessi í vinstri bakvarðarstöðunni en Hörður Björgvin Magnússon kemur einnig til greinar þar. Þá gæti Birkir Már Sævarsson snúið aftur í hægri bakvarðarstöðuna sem enginn hefur gripið almennilega föstum tókum í fjarveru hans í síðustu mótisleikjum liðsins.

Aron Einar Gunnarsson verður á sínum stað djúpur á miðjunni og frammiastaða Guðlaugs Vectors Pálssonar í leikjunum gegn Englandi og Belgíu í þjóðadeildinni mun að öllum líkindum leiða til þess að hann verður við hlið fyrirliðans inni á miðsvæðinu. Jóhann Berg, Gylfi Þór Sigurðsson og Birkir Bjarnason verða líklega þar fyrir framan og Alfreð Finnbogason er líklegasti kandidatinn til þess að leiða framlinu liðsins.

Leikmenn liðsins munu alveg örugglega höndla pressuna

Arnar Bergmann Gunnlaugsson, fyrrverandi landsliðsmaður í knattspyrnu og þjálfari karlalíðs Víkings í knattspyrnu, er líkt og aðrir íslenskir knattspyrnuáhugamenn mjög spennur fyrir leik kvöldsins.

Arnar segir gleðilegt að sjá að allir sterkustu leikmenn íslenska liðsins séu leikfærir og þá telur hann að leikstilli rúmenska liðsins henti því íslenska vel. „Það er mikill spenningur í mér fyrir þessum leik



Þeir leikmenn sem hafa myndað hryggjarstykkið í íslenska liðinu síðustu árin eru til taks og margir þeirra í einkar góðu leikformi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Erik Hamrén, þjálfari Íslands, er brattur fyrir komandi verkefni.

og ég get ekki beðið eftir því að sitja límdur við skjáinn annað kvöld. Tímasetningin á þessum leik er líka mjög heppileg upp á það er varðar að Jóhann Berg og Kolbeinn [Sigþórsson] náðu að spila einn leik áður en hann kom í verkefnið og Kári er búinn að jafna sig á þeim meiðslum sem voru að plaga hann í tæka tíð fyrir leikinn.

Gylfi Þór er að koma inn í þennan leik í frábæru formi eftir að hafa spilað vel með Everton. Þá skiptir það miklu máli að allir séu klárir í slaginn upp á breiddina á bekknum. Við getum skipt inn á leikmönnum ef þess þarf og það mun ekki hafa teljandi áhrif á gæði liðsins.

Það er ofsalega gott jafnvægi í þessum hóp og við erum með alls

●● Það er rosalega mikið undir í þessum leik en ég hef engar áhyggjur af því að það hafi áhrif á strákana í liðinu. Þeir hafa gert þetta áður, þekkja hver annan mjög vel og treysta hver öðrum sem er afar mikilvægt í svona leik.

Arnar Gunnlaugsson



konar möguleika hvað byrjunarliðið varðar og einnig þá leikmenn sem munu koma inn af bekknum þegar þess gerist þörf,“ segir Arnar í samtali við Fréttablaðið.

„Það er rosalega mikið undir í þessum leik bæði hvað fótboltalega hluti varðar og fjárhagslega en ég hef engar áhyggjur af því að það hafi áhrif á strákana í liðinu. Þeir hafa gert þetta áður, þekkja hver annan mjög vel og treysta hver öðrum sem er afar mikilvægt í svona leik. Það gæti vel farið svo að það verði bara prentuð leikskýrsla frá EM 2016 og liðið muni líta þannig út í þessum leik. Þannig myndum við fá lið þar sem leikmenn gjörþekkir styrkleika og veikleika hver annars.

Ef ég fengi að ráða og að því gefnu að allir leikmenn séu í sínu besta formi færi ég í það að spila leikkerfið 4-4-2 með Hannes Þór í markinu. Hörður Björgvin, Kára, Ragnar og Birkir Má í varnarlinunni. Birkir Bjarnason, Aron Einar, Gylfi Þór og Jóhann Berg í fjögurra manna línu á miðjunni og síðan Alfreð og



Íslenska liðið mun ekki njóta jafn mikils stuðnings og það gerir alla jafna á Laugardalsvöllum en mikið mun mæða á þeim 60 sem fá að mæta.

Kolbein saman uppi á topp,“ segir Arnar enn fremur um mögulegt byrjunarlið í leiknum í kvöld.

Leikstilli rúmenska liðsins hentar okkar liði mjög vel

„Það er svo bara spurning hvaða áherslu þjálfararnir hafa, það er til að mynda hvernig týpu þeir vilja í bakverðina. Hafa þá Ara Frey [Skúlason] í staðinn fyrir Hörð Björgvin eða Hjört [Hermannsson] sem er að upplagi miðvörður í stað Birkis Más sem hefur spilað svakalega vel sem sóknarbakvörður fyrir Val í sumar. Síðan er spurning hvernig stadið er líkamlega á Alfreð og Kolbeini. Svo gefur Jón Daði [Böðvarsson] þér ákveðna hluti sem aðrir gefa ekki,“ segir Skagamáðurinn sóknjarfi.

„Rúmenar eru með skemmtilegt lið sem vill halda boltanum innan sinna raða. Þeir eru með tekniskt öflug leikmenn sem vilja hafa boltann í fótunum og þeir eru þolinmóðir í sinni sóknaruppbyggingu. Þolinmæðin er kannski ekki jafn mikil þegar hlutirnir ganga ekki upp og ef

á móti blæs. Ég er að fíla þessar sam-særiskeningar um sýnatökuna fyrir kórónaveirunni hér heima sem hafa heyrst úr þeirra röðum. Það sýnir einfaldlega hvað það er mikið undir í þessum leik,“ segir hann um andstæðinga íslenska liðsins í kvöld.

„Þessi leikstilli hentar leikmönnum íslenska liðsins mjög vel. Við höfum sýnt það áður að okkur liður vel þegar hitt liðið er mikið með boltann og liðið á auðvelt með að sýna agaðan varnarleik. Mér finnst ekki líklegt að það verði mörg færi í þessum leik og það er mikilvægt fyrir okkur að hafa endurheimt sterkustu vopnin okkar í sóknarleiknum. Það þarf að nýta þau fáu færi sem gefast og ég treysti þeim leikmönnum sem við munum stilla upp í þessum leik fyllilega til þess. Það er auðvitað bagalegt að við getum ekki búið til þá gryfju sem Laugardalsvöllurinn hefur verið en þeir 60 sem fá að mæta verða pottþétt í góðu stúdi og gefa allt í stuðninginn,“ segir Arnar um hugsanlega sviðsmynd leiksins. hjorvaro@frettabladid.is

VÍKING
BRUGGHÚS

NÓI SÍRÍUS



EUROPEAN
QUALIFIERS



ÍSLAND - RÚMENÍA



FIMMTUDAG 17:45



SPORT

Í OPINNI
DAGSKRÁ

TÍMAMÓT



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ingibjörg Ásgeirsdóttir

Hrisateigi 12,
áður Skógum undir Eyjafjöllum,
lést á líknardeild Landspítalans í
Kópavogi, mánudaginn 5. október.

Einar Jónsson
Guðbjörg Andrea Jónsdóttir Jóhann Friðrik Klausen
Unnur Ása Jónsdóttir Skúli Kristinsson
Kristín Rós Jónsdóttir Óskar Baldursson
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Sigurður Garðarsson

Bodaþingi 24,
lést mánudaginn 5. október.

Margrét Dóra Elíasdóttir
Ólafía Sigurðardóttir
Laufey Sigurðardóttir Ingi Rafn Bragason
Steinunn Sigurðardóttir
barnabörn og langafabörn.



Okkar ástkæra

Margrét Gústafsdóttir

hjúkrunarfræðingur,
lést 23. september.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

F.h. ættingja og vina,
Helga Rúna Gústafsdóttir



Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,


Þórunn Þráinsdóttir

Sólvangsvegi 3,
Hafnarfirði,

lést á Hrafnistu Hafnarfirði
24. september.

Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

María Lindal Brynjólfssdóttir
Jóhannes Lindal Brynjólfsson Ingigerður Jakobsdóttir
Þráinn Lindal Brynjólfsson Hulda Pétursdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Gunnar Sigurðsson

Mörk, Suðurlandsbraut 22,

lést fimmtudaginn 24. september.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

Fyrir hönd aðstandenda,
Vilhjálmur Sigurðsson



Okkar ástkæra

Auður Bessadóttir

Sóleypjarima 7,

er lést á líknardeild LSH í Kópavogi
27. september sl. verður jarðsöngurinn frá
Bústaðakirkju, mánudaginn 12. október
kl. 13.00. Aðeins munu nánustu ættingjar
verða viðstaddir. Athöfninni verður
jafnframt streymt á Facebook:
Útför Auður Bessadóttir

Feruccio Marinó Buzeti
Vésteinn Hilmar Marinósson Margrét Á. Ósvaldsdóttir
Hólmfríður B. Marinósdóttir Halldór Rósi Guðmundsson
Bragi Þór Marinósson Erla Sigrún Sveinsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



„Ég hef fengið stuðning hjá vinnuveitandanum, en honum nýttist líka þessi þekking mín,“ segir Ólína Guðbjörg. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ólína nýbakaður doktor

Fótboltakonan Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir varð nýlega doktor í líf- og læknávisindum. Hún innleiddi nýja meðferð á geðdeild Landspítala fyrir fólk með geðrofsraskanir.

Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir var ein af landsliðskonum Íslands í knattspyrnu um árabil og atvinnumaður bæði í Svíþjóð og á Englandi. Nú er hún nýbakaður doktor í líf- og læknávisindum. „Það var frábær hugmynd að fara í doktorsnám,“ segir Ólína Guðbjörg, sem er sálfræðingur og vinnur á geðdeild Landspítalans. Þar kveðst hún hafa innleitt nýja meðferð hjá fólki með geðrofsraskanir á byrjunarstigi. „Það er því miður alltaf þörf fyrir sérhæfða meðferð á því sviði og ég hef mörg dæmi um að sú nálgun sem ég lýsi í doktorsverkefninu hefur nýst mörgum þar. Hún snýst meðal annars um þjálfun hugrænna þátta og eflingu félagskilnings. Áhrifin hafa verið jákvæð.“

Þó að Ólína Guðbjörg viðurkenni að doktorsritgerð fylgi mikil skrif, þá kveðst hún hafa getað samþætt vinnuna og doktorsnámið og er þakklát Landspítalanum fyrir að hafa fengið að fara í nokkurra mánaða rannsóknarvinnu hér og þar. „Ég hef fengið stuðning frá



Dóttir okkar er átta ára og spilar með þrótti svo ég er orðin fótboltamma, alveg brjáluð á hliðarlínunni og finnst það rosa gaman.

vinnuveitandanum, en honum nýttist líka þessi þekking mín.“

Ólína Guðbjörg kynntist fótboltanum fyrst í gamla heimabænum Grindavík. En er langt síðan hún lagði skóna á hilluna?

„Ég hætti árið 2016. Fékk slæman heilahristing og var að glíma við afleiðingarnar í dálitinn tíma. Þá lauk mínum fótboltaferli. En ég er farin að stunda líkamsrækt.“

Var það áfall að þurfa að hætta í boltanum?

„Ekki beint áfall. Ég var orðin 34 ára

og hafði alltaf verið heppin, bæði hvað meiðsl snerti og annað. Þá var ég líka komin með tvö börn. Það var dálítið mikið í gangi á tímabili. Ég var í Svíþjóð í fjögur ár í atvinnumennsku hjá Örebro og bauðst þá að koma til Englands að spila með Chelsea, svo við Edda Garðarsdóttir, konan mín, fluttum til London í hálf ár, en komum heim 2013 og þá fór ég að vinna á geðsviði Landspítalans.“

Sem sagt búið með grunnám í sálfræði áður en þú fórst í atvinnumennsku?

„Já, ég fór sem skiptinemi til Bandaríkjanna á sínum tíma og fékk í framhaldinu styrk til að fara í háskóla þar. Þá ákvað ég að velja sálfræði og líkaði strax vel í því fagi. Eftir það fór ég í Háskóla Íslands og kláraði klínísku sálfræðina 2009, meðfram fótboltanum í Svíþjóð.“

Eru börnin þín í fótbolta?

„Dóttir okkar er átta ára og spilar með þrótti, svo ég er orðin fótboltamma, alveg brjáluð á hliðarlínunni og finnst það rosa gaman. Svo er Edda, konan mín, aðstoðarþjálfari hjá meistara-flokki þróttar, svo fótboltinn er mikið fjölskylduá hugamál.“ gun@frettabladid.is



Elskuleg móðir okkar, tengdamamma, amma og langamma,

Sigríður Halldórsdóttir

Hvolsvelli,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands
Selfossi, 27. september.

Útförin fer fram í Stórolfshvolskirkju,
Hvolsvelli, laugardaginn 10. október, kl. 12.00.
Útvarpað er á FM 106,1.

Sigurjón Garðar Óskarsson Anna Ólöf Ólafsdóttir
Halldór Óskarsson Edda Antonsdóttir
Ómar Óskarsson Erla Ríkhardsdóttir
Guðbjörg Óskarsdóttir Sigurlín Óskarsdóttir
Óskar Óskarsson Þórunn Einarsson
Þórunn Óskarsdóttir Þormar Andrés�on
Unnur Óskarsdóttir Íris Adólfsson
Friðrik S. Þórarinnsson Ágúst Sigurðsson



Elskuleg móðir okkar og tengdamóðir,

Helga Hansdóttir

Sléttuvegi 13, Reykjavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir,
miðvikudaginn 30. september sl. Útför
hennar fer fram frá Friðkirkjunni í Reykjavík
miðvikudaginn 14. október kl. 11.

Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu verða aðeins nánustu
aðstandendur viðstaddir, en athöfninni verður streymt á
slóðinni: <https://youtu.be/FNRTbtqsdIo>

Virkan hlekk á streymi má finna á útfarardeggi inni á:
<https://www.mbl.is/andlat/minningar/utfarastreymi/>

Guðrún Þorsteinsdóttir Friðrik G. Olgeirsson
Sigrún Þorsteinsdóttir Brynjólfur Markússon
Hans Ragnar Þorsteinsson Helga Laufdal
Sveinn Þorsteinsson Heiða Lára Eggertsdóttir



STILLANLEG RÚM

20-35% AFSLÁTTUR



VERÐDÆMI

ERGOMOTION +40
35% AFSLÁTTUR

TILBOÐSVERÐ

296.010 KR

VERÐ 455.400 KR

STÆRÐ 2X90X210



Innifalið í verði lagskipt heilsudýna, stillanlegur botn og fætur.

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Fimmtudagur

Reykjavík ☁ 7 2 °C ↓	Ísafjörður ☁ 1 5 °C ↓	Akureyri ☁ 5 2 °C ←
Egilsstaðir ☁ 6 2 °C ↑	Kirkjubæjarkl ☀ 6 7 °C ↓	Hveravellir ☁ -1 2 °C ↓

Norðlæg eða breytileg átt 3-8 m/s og væta um landið norðanvert, en bjart með köflum og þurrt að kalla sunnan-til. Lítið eitt hvassara í kvöld. Hiti 2 til 8 stig að deginum.

Föstudagur

Reykjavík ☁ 6 6 °C ↓	Ísafjörður ☀ 3 3 °C ↓	Akureyri ☁ 4 6 °C ↓
Egilsstaðir ☁ 6 4 °C ↓	Kirkjubæjarkl ☀ 9 0 °C ○	Hveravellir ☁ 0 9 °C ↓

Laugardagur

Reykjavík ☁ 7 2 °C ←	Ísafjörður ☁ 2 2 °C ↑	Akureyri ☁ 2 1 °C ↑
Egilsstaðir ☁ 3 2 °C ↗	Kirkjubæjarkl ☁ 8 1 °C ↓	Hveravellir ☁ 1 2 °C →

LÉTT

	1	7	2			6	
		4			6	7	5
	9			3			
		9					
4	6					3	8
2			4			9	
7	5		1	9	2	8	
	3	8				1	
1			8	7			

MIDLUNGS

			5			6	3
	1		8		6		4
8		7		3			
	4	2			7		6
1	3				9	2	
		8					
			1			5	
		1				8	
6	9			2	8		3

PUNG

				1		6	
	3	6			8		2
		9					5
						8	
3	1	8			2	9	
		7	3				6
4			7	5		1	
	9	5		4			
8							

Krossgáta

LÁRÉTT

- 1 gráðug
- 5 trylla
- 6 sem
- 8 gantast
- 10 i röð
- 11 röst
- 12 tútta
- 13 deyfð
- 15 fugl
- 17 verkfall

LÓDRÉTT

- 1 glugga
- 2 ríki í Asíu
- 3 fljótæfni
- 4 aðhafstu
- 7 tré
- 9 tittir
- 12 sakeyrir
- 14 sníkjudýr
- 16 get

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1 gráðug, 5 aera, 6 er, 8 gaspra, 10 jk, 11 rauðek, 9 pinar, 12 sekt, 14 lús, 16 næ.
LÓDRÉTT: 1 gæglast, 2 írak, 3 ras, 4 gerou, 7 lóu, 12 snúð, 13 sien, 15 túkani, 17 stráek.

Skák Gunnar Björnsson

Lenka Ptácniková (2.117) átti leik gegn Þorvarði Fannari Ólafssyni (2.111) í b-flokki Haustmóts TR.

Hvítur á leik




21. Rg5! Bxb1 22. Bxb7 Bc2 23. Rf3 Bxb3 24. Bxa8 Hxa8 25. Hec1 og hvítur vann skömmu síðar. Elvar Már Sigurðsson og Jóhann Jónsson urðu efstir og jafnir í opnum flokki Haustmótsins. Batel Goitom Haile varð í þriðja sæti. Skáklif landsins er nú komið í pásu að Haustmóti Skáklúbags Akureyrar undanskildu. www.skak.is: Norway Chess.

7	9	2	8	6	5	4	1	3
4	3	6	1	7	9	2	5	8
1	5	8	4	2	3	6	7	9
8	2	9	5	1	4	7	3	6
3	1	4	7	8	6	5	9	2
5	6	7	9	3	2	1	8	4
9	4	1	6	5	8	3	2	7
2	8	5	3	4	7	9	6	1
6	7	3	2	9	1	8	4	5

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Gelgjan



Barnalán



FERÐALAG HUGANS

Náttúra Íslands og ferðalög um landið eru leiðarstef í nýrri ljóðabók Antons Helga Jónssonar

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA
Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | www.forlagid.is

BÍLAR



Volvo V40 er líklega með meira jeppingslagi en áður og þá með kúptri þaklinu.

Nýr V40 og nýtt flaggskip frá Volvo kemur árið 2022

Njáll
Gunnlaugsson
njall@frettabladid.is



Eftir að Volvo-merkið komst í eigu Geely hefur þróun nýrra bíla vaxið þar hröðum skrefum. Á næsta ári munum við sjá XC40 Recharge og auk hans eru margir nýir í kortunum. Við skulum aðeins skoða þá sem líklegir eru til að sjást á næstu árum.

Næsti bíll sem búast má við frá Volvo er ný 40-lína sem einnig verður rafdrifin. Hætt var við framleiðslu eldri kynslóðar V40 í fyrra en hann byggði á eldri undirvagni sem upphaflega kom frá Ford. Nýr V40 mun hins vegar koma á sama CMA-undirvagni og XC40 sem þýðir að hann verður bæði stærri og getur notað sömu þriggja og fjögurra strokka vélar, og það sem er meira um vert nýju tengiltvinnútgáfuna með 1,5 lítra vélinni. Einnig þýðir það að möguleiki verður á hreinum V40-rafbil.

Að sögn Lex Kerssemakers, forstjóra Volvo í Evrópu, er engin leið að kynna nýja bíla lengur án þess að þeir bjóði upp á að vera rafmagnadír. „Varðandi V4 viljum við koma með eitthvað meira skapandi. Við þurfum að hækka bílinn til að geta komið fyrir rafhlöðum og því er nokkurs konar jeppingslag leiðin.“

Volvo XC100 í þróun
Orðrómur er uppi um að Volvo sé að



Volvo XC90 er núverandi flaggskip Volvo en þörf er á mun stærri bíl til að keppa við lúxusbíla BMW X7 og Mercedes-Benz GLS.

» Nýr V40 mun koma á sama CMA-undirvagni og XC40 og nota sama vélbúnað.

þróa nýtt flaggskip merkisins sem verður stærri lúxusbíll heldur en Volvo XC90 og verður kynntur árið 2022. Hugmyndin er að hafa bíl sem getur keppt við BMW X7 og Mercedes GLS en hingað til hefur SPA-undirvagninn sem er undir XC90 ekki boðið upp á þann möguleika.

Með tilkomu nýrrar útgáfu undirvagnsins, sem kallast SAP2, mun Volvo geta smíðað bíl sem er allt að

5,5 metra langur. Þriðji bíll Polestar, sem er stór rafjeppingur, mun einmitt nota sama undirvagn.

Þessi nýi bíll Volvo hefur þegar fengið framleiðslunafnið V616, en 6 stendur fyrir stærsta módelið, 1 fyrir fyrstu kynslóð og seinna 6 fyrir að um jeppingsform sé að ræða. Búast má við að bíllinn verði 300 mm lengri en Volvo XC90 og þá jafnvel stærri en BMW X7. Hann verður sjö sæta og með meira hjólahaf en við höfum áður séð frá Volvo. Einnig má búast við að bíllinn komi í öflugum tvinnútgáfum og þá líka sem tengiltvinnubíll og hreinn rafbíll. Að sögn Hakan Samuelsson, forstjóra Volvo, verður helmingur Volvo-bíla rafdrifinn árið 2025.

Skoda Fabia kemur á næsta ári

Skoda ætla að flýta komu fjórðu kynslóðar Fabia sem áætlað er að komi í sölu á fyrri helmingi næsta árs. Fyrstu myndir af bílnum við prófanir náðust á dögunum en þær sýna ekki nýtt útlit en gefa samt ákveðnar visbendingar. Eins og sjá má er eins og myndin sé af Volkswagen Polo, en bíllinn er dulbúinn með Polo-yfirbyggingu, en það er of stutt síðan nýr Polo kom fram á sjónarsviðið. Bíllinn er á tékkneskum plötum og aftan á honum er merki sem sýnir að um prófunar-bíl sé að ræða.

Það sem myndin sýnir er því tvennt, að það sé styttra í frumsýningu bílsins og að hann verði á nýjum undirvagni. Samkvæmt heimildum AutoExpress hafa fyrstu útgáfur Fabia verið í prófunum bak við luktur dyr að undanförunu. Búast



Sjáði nýja Polo... ehemmm... Skoda Fabia bílinn?

má við að bíllinn verði breiðari en áður og fái svokallað kristalsútlit Skoda eins og aðrir nýir bílar merkisins. Búast má við að hann

verði einnig faanlegur með mildri tvinntækni og þá jafnvel 12 volta kerfi sem hefur verið í þróun hjá VW Group.

BMW kynnir blæjuútgáfu í nýjum fjarka

BMW hefur kynnt aðra kynslóð 4-línu blæjubílsins, en búast má við að fyrstu eintökin verði afhent í mars á næsta ári.

Útlitið er að mestu það sama og í 4-línunni, fyrir utan toppinn og smávægilegar breytingar á grilli. Það nýja við bílinn er að í stað fellanlegs málmpaks er kominn blæjutoppur. Það sem fæst með því er þak sem er 40 prósentum léttara en málmpakið.

Að sögn hönnuða BMW er ný 4-lína fjórum prósentum stífari en fyrsta kynslóð og kemur með M-pakka sem staðalbúnað. Öflugasta vélin í boði er þriggja lítra línu-sexa með tveimur forþjoppum sem



Kominn er blæjutoppur og endurhannað grill í stað málmpaksins.

skilar 369 hestöflum. Sá bíll er einnig búinn mildu 48 volta tvinntækni sem bætir við 11 hestöflum þegar þörf er á. BMW M440i er með fjórhjóladrifi og er aðeins 4,9 sekúndur í hundradíð.

Ný tvöföld virkni sem veitir hraða og langvarandi vörn gegn tannkuli.

TVÖFÖLD
VIRKNI



Oktoberfest

Gæða Lederhosen, kjólar og fylgihlutir beint frá Þýskalandi!



HOKUS
POKUS

www.hokuspokus.is

Verzlun og vefverzlun
Laugavegi 69 S. 551-7955

Úrval af rafdrifnum
hvíldarstólum

Komið og skoðið úrvalið



Opíð virka daga
11-18
laugardaga
11-15

NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

Fimmtug og áhrifamikil Lærdómsrit

Jón Ólafsson er ritstjóri Lærdómsrita Hins íslenska bókmenntafélags. Ritröð sem gerir mikilvæg rit aðgengileg og styrkir fræðilega umræðu á íslensku. Hundradasta ritið, skáldsaga eftir Rilke, er væntanlegt.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Lærdómsrit Hins íslenska bókmenntafélags eiga fimmtugsafmæli í ár. Þorsteinn Gylfason heimspekingur stofnaði ritröðina árið 1970. Núverandi ritstjóri er Jón Ólafsson, en hann hefur stýrt ritröðinni síðan 2018.

„Lærdómsritaröðin var hugarústur Þorsteins. Ritröðin átti bæði að gera mikilvæg rit aðgengilegri og styrkja fræðilega umræðu á íslensku,“ segir Jón. „Í henni hafa birst þýðingar á fræðitextum með skýringum sem henta almenningi og reynt er að gera þær aðgengilegar fyrir hvern sem er. Ég held að Lærdómsritin hafi haft geysilega mikil áhrif að þessu leyti. Bækur Johns Stuart Mill, Frelsið, Nytjastefnan og Kúgun kvenna, sem öll hafa komið út í Lærdómsritaröðinni, eru stjórnspekir og með íslenskum þýðingum þeirra hefur lesendum orðið tamt að tala og hugsa um viðfangsefni þeirra með íslenskum hugtökum. Það sama á við um þýðingar á verkum forngrískra heimspekinga. Það er gríðarlegur munur á því að geta boðið nemendum upp á þessa texta á íslensku, í stað þess að erlend hugtök séu þeim stöðug hindrun við að átta sig á heimspeki-legru hugsun.“

Vakandi ritröð

Jón segir útgáfustefnuna í grunninn hafa verið þá sömu allt frá stofnun ritraðarinnar. „Það er tvennt sem maður er alltaf með í huga. Annars vegar útgáfa klassískra verka fyrri tíma og hins vegar útgáfa á samtímaklassík. Persónulega finnst mér mikilvægt að jafnvægi sé þarna á milli. Þetta eru ekki bara lærdómsrit í gamaldags skilningi, heldur er þetta líka ritröð sem á að vera vakandi fyrir því sem vekur mikla athygli hér og nú – og er líklegt til að hafa áhrif til framtíðar.“

Lærdómsritin eru í langflestum tilfellum þýðingar úr erlendu máli.



Jón Ólafsson hefur ritstýrt ritröðinni frá árinu 2018. Hann segir áhugasama eiga að geta lesið ritin sér til gagns og ánægju. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Textanum fylgir alltaf inngangur og í ritunum er einnig að finna skýringar sem samdar eru sérstaklega fyrir íslenska lesendur. „Þannig á áhugasamur lesandi að geta lesið ritin sér til gagns og ánægju. Inngangur og skýringar eiga ekki að vera viðbótarefni, heldur hjálpartæki sem auðvelda lesturinn og auka ánægjuna af honum,“ segir Jón. „Fræðilegar útgáfur á klassískum textum eru oft mjög óaðgengilegar. Inngangarnir geta verið tilraunir til túlkunar og greiningar langt umfram það sem almennum lesanda hentar og skýringarnar farið út í fræðilega umræðu sérfræðinga. Það þarf að hafa sérstakan áhuga á efninu til að vilja eiga slíka bók. Ef við tökum texta úr Lærdómsriti, til dæmis eftir Platon, þá getur margt þar orkað tvímælis eða verið torskilið. Flestir lesendur þurfa ein-

ÚTGÁFA OKKAR MIDAR VIÐ AÐ LESANDINN FÁI ÞÁ HJÁLP SEM HANN ÞARF TIL AÐ GETA NOTIÐ VERKANA.

hverja hjálp. Útgáfa okkar miðar við að lesandinn fái þá hjálp sem hann þarf til að geta notið verkana.

Dýralíf og Rilke á leiðinni

Næsta rit í ritröðinni er númer níutíu og níu, Dýralíf eftir Nóbelsverðlaunahafann J. M. Coetzee í þýðingu hjónanna Gunnars Sigvaldasonar og Katrínar Jakobsdóttur. „Þessi bók hefur verið lengi á leiðinni, en þýðingin var að mestu leyti gerð fyrir um fimmtán árum,“ segir Jón.

„En þetta er stórmerkilegt rit eftir magnaðan höfund. Það er byggt á fyrirlestrum sem Coetzee hélt við Princeton háskóla árið 1997 og viðbrögðum fjögurra fræðimanna við þeim.“

Coetzee fjallar um líf dýra og samband dýra og manna í fyrirlestrum, á beinskeyttan og ógrandi hátt. Fyrirlestrarnir eru sögur og fjalla um konu, þekktan bókmenntafræðing, sem er boðið að halda fyrirlestra í háskóla. Í staðinn fyrir að tala um bókmenntir talar hún um dýr, fyrirlestrarnir valda furðu og vissum pírtingi. Coetzee hæðist á vissan hátt að formlegheitum akademíunnar, um leið og hann kemur sterkum skilaboðum á framfæri um tvískinnung manna gagnvart tilfinningum og velferð dýra. Að mörgu leyti kemur þessi bók sterkar inn í dýraumræðu dagsins í dag en

hún gerði þegar hún kom út fyrst.

Hundradasta Lærdómsritið kemur líka út í haust. Það er eina skáldsaga Rainers Maria Rilke, Minnisblöð Maltes Laurids Brigge, en hún kom fyrst út 1910. „Þetta er grundvallarrit þegar kemur að nútímaskáldsögunni og modernisma í bókmenntum,“ segir Jón. „Sagan gerir kröfur til lesandans bæði vegna forms síns og visana í menningarsöguna. Þýðandinn, Benedikt Hjartarson, skrifar mjög vandaðan inngang og skýringar sem mynda góðan ramma um þetta merkilega verk.“

Á næsta ári er von á verkum eftir Friedrich Nietzsche og bók Erwins Schrödinger Hvað er líf? Einnig eru Alþjóðfyrirlestrar Hermanns Helmholtz, Söguspeki Hegels og Svikin við erfðaskrárnar eftir Milan Kundera, komin vel á veg.

Tíðabelti og kalnar kinnar

BÆKUR

Hansdætur

★★★★★

Benný Sif Ísleifsdóttir

Útgefandi: MM

Fjöldi síðna: 342

Lífsbaráttan í sjávarþorpum hefur löngum verið Íslendingum hugleikin, enda á stór hluti þjóðarinnar rætur í söltu sjávarborði. Benný Sif Ísleifsdóttir rithöfundur er ein þeirra, ættuð frá Eskifirði og þjóðfræðingur að mennt og það sést glögg í skrifum hennar og næmi fyrir lífnadarháttum og daglegu lífi fólks í slíkum þorpum. Einkum eru henni þó örlög kvennanna hugleikin, en



fyrsta skáldsaga hennar Gríma, sem kom út 2018, fjallaði einmitt um hlutskipti sjómanskvenna um miðja tuttugustu öld. Hér leitar hún fanga aftur í sögunni og fjallar um hlutskipti fiskvinnslukvenna og þurrabúðarfólks um aldamót þar sem upphaf nútímans og harðneskjulegir lífnadarhættir kallast á.

Grátiana Hansdóttir er fátæk unglingsstúlka í þorpi á Vestfjörðum. Móðir hennar hefur drýgt þá ósvinnu að eiga þrjú börn með þremur mönnum sem öll eru ófæðuð og eru því Hansbörn. Misrétti milli stétta og kynja er mikið, á meðan eitt barn gengur í skóla

í sparifötum kelur annað á kinninni við að halda hita á systkinum sínum. Grátiana minnr stundum á Sólku Völku, er kvenréttindakona, vill ganga í buxum, bæði til þess að karlar komist ekki upp undir pilsin hennar, eins og stríðnispúkar í skólanum segja að hafi komið fyrir mömmu hennar og svo vegna þess að þær eru bæði hlýrri og þægilegri við fiskvinnsluna en blaut og þung pils. Hún vill líka verða bládarstjóri eins og frændi hennar og berjast með orðum gegn óréttlætinu sem hún sér svo víða í kringum sig.

Hansdætur er saga Grátíönu, móður hennar, ömmu og systur, fóstursystra og í raun allra kvennanna í plássinu á um það bil tíu ára tímabili. Þetta er einstaklega vel skrifuð bók, greinilegt að höfundur hefur lagst í töluverða rannsóknarvinnu á því hvernig var að vera kona í sjávarplássi um aldamótin, lýsingar á lykt, kulda



Benný Sif hefur skrifað áhrifamikla skáldsögu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

og rakastigi gera það að verkum að upplifun lesandans er sterk og lifandi. Sérstaklega er unnið vel með sérkvenlega hluti eins og hvernig þurfti að bera sig að með tíðabindi og blæðingar á þessum tíma og einnig er fjallað um samannlegar þarfir sem birtast í notkun kamra og koppa og hvernig úrbætur í salernismálum verða einnig úrbætur í mannvirðingu. Upp úr standa þó samskipti kvennanna í sögunni, væntingar þeirra til lífsins, draumar og óskir og hvernig einskær þrjúskan, lífsviljinn og samstaðan þjappar þeim saman og knýr til betra lífs og þrátt fyrir allt er bjart yfir í sögulok. Hansdætur er áhrifamikil bók og skemmtileg aflestrar og á köflum erfitt að leggja hana frá sér.

Brynhildur Björnsdóttir

NIÐURSTADA: Vel skrifuð og áhrifamikil bók sem erfitt er að leggja frá sér.

HELGIN HEFST
MEÐ ZÚÚBER!

Svali
Gassi
& Sigga

ALLA FÖSTUDAGA
FRÁ 13-16 Á BYLGJUNNI



BYLGJAN
989

DAGSKRÁ

Fimmtudagur

HRINGBRAUT

20.00 Mannamál - sigildur þáttur Einn sigildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Hér ræðir Sigmundur Ernir Rúnarsson við þjóðþekkt einstaklinga um líf þeirra og störf.

20.30 Suðurnesja-magasín Víkurfrétt Mannlíf, atvinnulíf og íþróttirnar á Suðurnesjum. Umsjón: Páll Ketilsson. Framleiðandi: Víkurfréttir ehf.

21.00 21 - Fréttabáttur á fimmtudegi 21 er upplýsandi umræðu- og fréttaskýringaþáttur undir stjórn þeirra Lindu Blöndal og Sigmundar Ernís með áherslu á innlendar og erlendar fréttir, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.

21.30 Sir Arnar Gauti Arnar Gauti snýr aftur á skjáinn með umfangsmikinn lífsstílsþátt þar sem tekið er saman allt sem snýr að heimilum, hönnun, innlitum, matar- og veitingahúsamenningu, arkitektúr og margt, margt fleira.

RÚV SJÓNVARP

09.00 Heimaleikfimi
09.10 Kastljós
09.25 Menningin
09.35 Spaugstofan 2005 - 2006
10.00 Dagný - Ef ég slaka á núna þá dey ég
11.00 Upplýsingafundur Almannavarna
11.30 Heimaleikfimi
11.40 Eddan 2020
12.50 Herra Bean
13.00 Í bíðu og stríðu
13.30 Maður er nefndur Ólafur G. Einarsson
14.00 Mamma mínMorra mi
14.15 Bítlarnir að eilífu - Norwegian Wood
14.25 Gettu betur 2015
15.25 Manstu gamla daga? Margraddað og mjúkt
16.25 Séra Brown
17.15 Okkar á milli
17.50 Táknafréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Netgull Trio. Cybergullet
18.25 Allt í einum graut
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.00 Kveikur
20.40 Ella kannar Suður-Ítalíu Resa með Ella. Syditalien
21.10 Þýskaland '86 Deutschland '86 Þýsk spennuþáttaröð um Martin Rauch, ungan austurþýskan njósnara.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Lögregluvaktin Chicago PD
23.05 Babylon Berlin Babylon Berlin
23.50 Dagskrárlök

GOLFSTÖÐIN

07.00 PGA Tour 2020 Útsending frá Sanderson Farms Championship á PGA Tour.
10.00 European Tour 2020 - Highlights
10.30 European Tour 2020 Bein útsending frá BMW PGA Championship á Evrópumótaröðinni.
16.35 PGA Tour. The Cut Skyggst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni.
17.00 LPGA Tour 2020 Bein útsending frá KPMG Women's PGA Championship á LPGA Tour.
21.00 PGA Tour 2020 Bein útsending frá Shriners Hospitals for Children Open á PGA.

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Rádió
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
12.30 Dr. Phil
13.15 The Late Late Show
14.00 Broke
14.25 The Block
15.25 90210
16.30 Family Guy
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 American Housewife
19.30 Single Parents
20.00 Hver ertu?
20.45 Almost Family
21.35 Tommy
22.25 How to Get Away with Murder
23.10 Love Island Bráðskemmtileg raunveruleikasería þar sem eldheir einstaklingar fá tækifæri til að finna ástina í fjörugum leik.
00.05 The Late Late Show
00.50 Blue Bloods
01.35 Law and Order. Special Victims Unit
02.20 Nancy Drew
03.05 Charmed (2018)
03.50 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútlit
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Á tónsviðinu
15.00 Fréttir
15.03 Flakk
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Viðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Hljómboxið
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Sinfóniukvöld. Á leið í tónleikasal
19.27 Sinfóniutónleikar
21.00 Mannlegi þátturinn
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútlit Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

11.05 Finding Your Feet
12.50 Batman vs. Teenage Mutant Ninja Turtles
14.15 Can You Ever Forgive Me
16.00 Finding Your Feet
17.50 Batman vs. Teenage Mutant Ninja Turtles
19.15 Can You Ever Forgive Me
21.00 Alien
22.50 Winchester
00.30 12 Strong
02.35 Alien

STÖÐ 2

08.00 Heimsókn
08.15 The Good Doctor
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Gilmore Girls
10.05 The Mindy Project
10.35 All Rise
11.20 Sendiráð Íslands
11.35 Fresh off the Boat
12.00 Maður er manns gaman
12.35 Nágrannar
12.55 Leitín að upprunum
13.45 Dan in Real Life
15.20 The Children Act
17.05 Bold and the Beautiful
17.25 Nágrannar
18.10 Fréttir Stöðvar 2
18.28 Veður
18.30 Fréttayfirlit
18.35 Umspil fyrir EM 2020
20.40 Masterchef UK
21.40 LA's Finest
22.25 NCIS. New Orleans
23.10 The Salisbury Poisonings
00.00 The Sandhamn Murders
01.30 Mr. Mercedes Önnur þáttaröð þessara mögnuðu spennuþátta úr smíðu Davids E. Kelley sem byggðir eru á metsölubókum Stephens King.
02.20 Mr. Mercedes

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDAN

08.00 Barnaefni
20.00 Friends
20.20 Friends
20.40 Modern Family
21.05 Thirteen
22.00 Ríkið
22.20 Nashville
23.05 The Hundred
23.45 The Hundred
00.30 Friends
00.50 Friends
01.15 Modern Family

STÖÐ 2 SPORT

07.40 Þór/KA - Selfoss Útsending frá leik í Pepsi Max deild kvenna.
09.25 Fram - ÍR Útsending frá leik Fí Olís deild karla.
10.55 Seinni bylgjan - karla Markaþáttur Olís deildar karla.
12.25 Höttur - Grindavík Útsending frá leik í Dominos deild karla.
14.10 KR - Njarðvík
15.50 Dominos Tilþríf 1. umferð
16.35 Dominos Körfuboltakvöld karla
17.45 Upphitun. Ísland - Rúmenía Hitað upp fyrir umspilsleik Íslands og Rúmeníu í Undankeppni EM 2020 með sérfræðingum Stöðvar 2 Sport.
18.35 Ísland - Rúmenía Bein útsending frá leik Íslands og Rúmeníu í umspili fyrir EM 2020.
20.40 Valur - Skallagrímur Útsending frá leik í Dominos deild kvenna.
22.20 Football League Show
22.50 Búlgaría - Ungverjaland

STÖÐ 2 SPORT 2

08.20 Osasuna - Celta
10.00 Levante - Real Madrid
11.45 Coosur Real Betis - Valencia Útsending frá leik Coosur í spænsku úrvalsdeildinni í körfubolta.
13.25 Atalanta - Cagliari
15.05 Lazio - Inter
16.50 Juventus - Napoli
18.35 Búlgaría - Ungverjaland
20.40 NFL Gameday
21.10 Tampa Bay Buccaneers - LA Chargers Útsending frá leik í NFL.
23.40 Barcelona - Sevilla

FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útlit Saga
FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin



**ALLIR
HNÍFAR**

25%



KAUPAUKI
Fimm stykkja bökunarsett
fylgir með að verðmæti
14.995

KitchenAid
FJÖLDI LITA – VERÐ FRÁ 89.995



NETTILBOÐ

Aðeins á byggtogbuid.is

byggtogbúioð

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

SJÁÐU ÖLL TILBOÐIN Á WWW.BYGGTOGBUID.IS

KitchenAid
ARTISAN K400 BLANDARI



Fæst í mörgum litum

TILBOÐ 49.995
FULLT VERÐ 59.995

KAMBUKKA®

25%

VATNSBRÚSAR
OG FERÐAKRÚSIR



25%

AF ÖLLUM HEFUNARKÖRFUM

LE CREUSET®

ELDFÖST MÓT
26+32cm 2stk

39%



Cerise

TILBOÐ 9.995
FULLT VERÐ 16.495

**EMSA SAMBA
KAFFIKANNA**

3 lítr
1L

50%



TILBOÐ 2.495
FULLT VERÐ 4.995

JBL

by HARMAN

40%



JBL-REFFLOWBLACK

**JBL HEYRNARTÓL
BLUETOOTH SVÖRT**

TILBOÐ 11.995
FULLT VERÐ 19.995

RYKSUGUVÉLMENNI

Robot

27%

**HREIN
SNILLD!**



ROOMBA 675

TILBOÐ 39.995
FULLT VERÐ 54.995

MEDISANA®
FÓTAHITARI FWS



25%

3ja ára ábyrgð!

TILBOÐ 5.295
FULLT VERÐ 6.995

**NANO P1
RYKSUGA**

24%

25 mínútna ending á hleðslu
Full USB hleðsla á 3 klst



TILBOÐ 12.995
FULLT VERÐ 16.995

Gætum við fengið að heyra eitthvað íslenskt?

Kona hringdi í vikunni í Reykjavík síðdegis á Bylgjunni og lagði til að íslenskar útvarpsstöðvar sameinuðust um að leika aðeins íslenska tónlist og styrkja þannig íslenskt tónlistarfólk með STEF-gjöldum. Fréttablaðið fékk sérfróða til að útbúa nokkra „playlista“ og ljóst að öldur ljósvakans yrðu ekkert sérlega einsleitar ef þar hljómuðu aðeins íslenskir tónar, hæfileg blanda af vonleysi og von.

Jakob Frimann Magnússon, stuðmaður með miklu meiru, tekur vel í hugmyndina um að útvarpsstöðvarnar styðji við bakið á tónlistarfólki í veiruhremmingum með því að leika eingöngu íslensk lög. Hann bendir þó á að þetta feli ekki í sér skyndilausn á fjárhagsvandræðum atvinnulauss tónlistarfólks í faraldursfárinu.

„Því meiri íslensk tónlist sem er spiluð, því stærra hlutfall heildartekna STEFs rennur til íslenskra höfunda. Tónlistarfólk mundi virkilega muna um það ef stöð-

arnar sammæltust um að leika eingöngu íslenska tónlist,“ segir Jakob, flestum hnútum kunnugur sem formaður bæði Félags tónskálda og textahöfunda og STEFs, Sambands tónskálda og textahöfunda.

Hann bendir þó á að STEF-gjöldin eru að jafnaði tekin saman að afloknu hverju ári. „Þannig að spilun á árinu 2020 kemur til greiðslu 2021,“ segir Jakob og bendir á að „slíkt hugarþel eitt og sér mundi virka mjög hvetjandi til nýrra dæða.“

Jakob lagði til „tilfallandi“ og „tjillaðan“ tíu laga lista á hinn hugsanlega íslenska lagalista. „Sunginn

affrábærum íslenskum söngkonum auk Valdimars.“ Auk Jakobs fékk Fréttablaðið plötusnúðana Dóru Júlíu Agnarsdóttur, Kötlunni Ásgeirsdóttur, Daniel Ólafsson og Sigurð Hlökkversson til þess að leggja til sína lista, auk þeirra Steinunnar Jónsdóttur úr Reykjavíkurdætrum og Amabadama og Arnars Eggerts Thoroddsen, blaðamanns og poppræðings, sem kemst ef til vill næst kjarna málsins og vandamálsins með lista sínum sem hann kallar blöndu af vonleysi og von. toti@frettabladid.is steingerdur@frettabladid.is



Lagalisti Jakobs Frímanns

- 1 Sveitin milli sanda - Ellý Vilhjálms
- 2 Heyr himna smiður - Ellen Kristjánsdóttir
- 3 Esjan - Briet
- 4 Back home - Dís
- 5 Hvað ef? - GDNR

- 6 Passion for life - Ragga
- 7 Venus as a boy - Björk
- 8 Tapari - Rósa Guðrún
- 9 Ást - Ragga Gröndal
- 10 Littu sérhvert sólarlag - Sigríður Thorlacius & Valdimar



Lagalisti DJ Dóru Júlíu

- 1 So High - Þórunn Antonía
- 2 Heyrðu mig - Briet
- 3 Lætur mig - GDRN&Flóni
- 4 Strax í dag - Stuðmenn
- 5 Fjöllin hafa vakað - EGO
- 6 Spor - Hjalmar

- 7 Elska þig - Mannakorn
- 8 David - Gusgus
- 9 Líður svo vel - Ezekiel Carl og Palmi
- 10 Sísí - Grýlurnar



Lagalisti DJ Kötlunni

- 1 Merkilegt - ADHD
- 2 Stereo Rock & Roll - Apparát Organ Quartet
- 3 Psychic Function - Biogen
- 4 Disco - Súrefni
- 5 The One - Trabant
- 6 Overdriver - Singapore Sling
- 7 Kalt - Kælan Mikla
- 8 Stofnar falla - Samaris
- 9 Nostalgia - Oculus
- 10 Kamelgult - Teitur Magnússon

Lagalisti Steinunnar

- 1 Calm down - Cyber ásamt JFDR
- 2 Golden - Matthildur
- 3 Augnablik - GDRN ásamt Sigríði Thorlacius
- 4 Lófatak - Reykjavíkurdætur
- 5 Fuckboys - Kristín Sesselja
- 6 Street by street - Laufey
- 7 Há lygnri móðu - KK og Ellen Kristjánsdóttir
- 8 Human behaviour - Björk
- 9 Like home - Una
- 10 Litill fugl - Ellý Vilhjálms



Lagalisti Danna Deluxe

- 1 Atvinnuleysið er komið til að fara - Bubbi
- 2 Toppurinn - Sssól
- 3 Hann mun aldrei gleym'enni - Unun & Rúnar Júl
- 4 Starmýri - Birgir Hakon
- 5 Kokoloca - Dr Mister and Mister Handsome
- 6 200 í 101 - Sesar A
- 7 Stór Audi - Daniil
8. Friki - Aron Can
- 9 Fíllinn - Geiri Sæm
- 10 Strákarnir - Emmsjé Gauti



Lagalisti Sigga Hlö

- 1 Ég pant spila á gítar - Laddi
- 2 Eina ósk - Björgvin Halldórsson
- 3 Vorkvöld í Reykjavík - Gildran
- 4 Nú finn ég það aftur - Greifarnir
- 5 Í útilegu - Pú og ég
- 6 Mér er alveg sama - Lummurnar
- 7 Á sama tíma að ári - Nýdönsk
- 8 Fuglinn er floginn - Utangarösmenn
- 9 Allt sem ég óska mér - Halli Reynis
- 10 Á nálum - Sniglabandið






Lagalisti Arnars Eggerts

- 1 Declare Independence - Björk
- 2 Sameiginlegt - Todmobile
- 3 Hjálpaðu mér upp - Nýdönsk
- 4 Hleppið mér út úr þessu partyi - Jónas Sig.
- 5 We sink - Sóley
- 6 Built to Last - Cell7
- 7 Dauðalogn - Sigur Rós
- 8 Preyta - Purrkur Pillnikk
- 9 Nú snýr óttinn aftur - Múm
- 10 Minn hinsti dans - Páll Óskar



LITRÍKARI DAGAR MEÐ

Kellogg's®



Katrín fann enga krimma í pólitíkinni

Katrín Júlíusdóttir hefur gengist við sínum fyrstu skrefum á glæpabrautinni með spennusögunni *Sykur*. Ólíkt því sem freistandi væri að ætla sækir hún lítinn innblástur í fjármálaheiminn og fyrri störf í stjórnmalunum.

Katrín Júlíusdóttir birtist úr heldur óvæntri átt í upphafi vikunnar þegar hún tók við spennusagnaverðlauninum Svartfugli fyrir bókina *Sykur* sem er hennar fyrsta skáldsaga og frumraun á glæpaskáldsagnabrautinni.

Hún gengst fúslega við því að hafa falið glæpahneigð sína fyrir umheiminum um nokkurt skeið en hún byrjaði á bókinni fyrir rúmum fjórum árum, um það leyti sem hún sagði skilið við stjórnmalin 2016.

Pólitískt sakavottorð

„Ég byrjaði nefnilega á þessu fyrir rúmlega fjórum árum en skipti síðan um starfsvettvang og ýmislegt þannig að hún lá bara hálfkláruð í dálítið langan tíma,“ segir Katrín sem hrökk í gang þegar hún ákvað að taka þátt í samkeppninni sem er runnin undan rifjum glæpasagnahöfundanna Yrsu Sigurðardóttur og Ragnars Jónassonar og ætluð höfundum sem hafa ekki áður sent frá sér glæpasögu.

Katrín er fyrrverandi varaformaður Samfylkingarinnar, þingmaður og ráðherra fjármála- og iðnaðar en er nú framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja og nú síðast rithöfundur sem sækir þó ekki innblástur í fyrri og núverandi störf.

Þú er með bakgrunn úr pólitíkinni og fjármálaheiminum. Er ekki nóg af glæpum þar?

„Nei, nefnilega ekki. Sem betur fer hefur slíkt aldrei orðið á vegi mínum í mínu raunverulega lífi og, ég veit það ekki, kannski hefur maður áhuga á þessu vegna þess að þetta er fjarlæggt manni.“

Er Össur kannski...?

Katrín segir að í hennar tilfelli hafi persónurnar komið til hennar fyrst og síðan hafi hún þurft að finna þeim söguvið. „Og þá kannski nýtir maður sér eitthvað aðeins af því sem maður þekkir til,“ segir Katrín og bætir aðspurð við að þannig þýði ekkert að reyna að lesa milli línanna þar sem *Sykur* sé alls ekki pólitískur lykilróman.


Þannig að maður finnur til dæmis Össur Skarphéðinsson ekkert einhvers staðar í textanum?

„Nei,“ skellihlær Katrín og itrekar neitunina. „Nei. Ekki nema... Þetta er svolítið skrítið af því að maður er ekki bara að búa til skúrka í svona bókum. Heldur er maður líka að



Katrín Júlíusdóttir útilokar ekki að hún muni halda áfram á glæpabrautinni. „Við sjáum bara til. Það er aldrei að vita en ég vona bara aðallega að þeir sem lesa svona bækur hafi bara gaman af þessu og ef þessu er vel tekið þá er það hvatning,“ segir Katrín sem þegar er komin með hugmynd að annarri glæpasögu.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK



Titill glæpafrumraunarinnar virkar ósköp sakleysislegur í fljótu bragði. „Heitið á bókinni kom strax hjá mér af því að það er ákveðin tenging við *sykur* í bókinni,“ segir Katrín en gefur ekki meira upp.

MAÐUR ER NÁTTÚRLEGA AÐ MISBJÓÐA SJÁLNUM SÉR MJÖG OFT ÞEGAR MAÐUR ER AÐ LESA UM EÐA FYLGJAST MEÐ SVONA LÖGUÐU.

búa til gott fólk sem verður bæði fyrir barðinu á þessum óþokkum en líka að reyna að leysa málið og þar nota ég kannski meira einhver svona karaktereinkenni frá fólki sem ég þekki.

En það er samt ekkert einhver einn sem ég byggi á heldur meira bara svona samsafn,“ segir Katrín og leggur áherslu á að fyrirmyndir að óþokkunum sækir hún meira í erlenda þætti um sönn sakamál.

Sálarlíf óþokka

„Ég hef náttúrulega lesið rosalega mikið af glæpasögum. Alveg frá því ég man eftir mér hefur þetta verið sá bókaflökkur sem ég hef mest lesið,“ segir Katrín um hneigð sína

til skáldaðra glæpa. „Þetta vekur áhuga minn og ég hef líka í gegnum tíðina verið að fara aðeins dýpra ofan í ákveðnar týpur af óþokkum,“ segir Katrín og hlær þegar hún upplýsir að þær sálarrannsóknir stundi hún ekki síst á YouTube og erlendum stöðvum með þáttum um sönn sakamál.

„Þannig að ég horfi rosalega mikið á þannig efni. Maður er náttúrulega að misbjóða sjálfum sér mjög oft þegar maður er að lesa um eða fylgjast með svona löguðu,“ segir Katrín sem gerir mikið af því að blanda eiginmanninum, Bjarna Bjarnasyni rithöfund, í sönnu sakamálin og þannig byrjaði glæpaboltið að rúlla.

„Ég var alltaf að segja honum frá einhverju svona og það endaði með því að hann hvatti mig til að prófa enda finnst honum náttúrulega bara mjög edlilegt að fólk skrifi bara bækur. Honum fannst þetta svo edlilegt þannig að ég er viss um að ef hann hefði ekki stungið upp á þessu hefði ég örugglega aldrei gert

þetta. Ég hafði ekki hugmynd um að ég gæti þetta.“

Engin listrænn ágreiningur

Bjarni hefur skrifað fjölda skáldsagna og önnur skáldsaga hans, Endurkoma Mariu, var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna árið 1996 svo eitthvað sé nefnt.

Það má segja að Bjarni skrifi svokallaðar fagurbókmenntir en í sam-anburði við slíkar eru glæpasögur oftast settar skörinni neðar en Katrín segir þó engan listrænan ágreining milli rithöfundahjónanna.

Engin núningur eða gjá milli bókmenntagreina?

„Nei, ekki á mínu heimili,“ segir Katrín og hlær. „Bjarni er bara algerlega laus við allt þannig en hins vegar les hann ekkert mikið af krummum sjálfur. Ég hef allvegana ekki tekið eftir því en hann hins vegar áttaði sig einhvern veginn á því á undan mér að kannski gæti ég gert eitthvað með alla þessa djúpköfun á óþokkum sem ég hef farið í.“ toti@frettabladid.is

Íslenskt – láttu það ganga

Næstu vikur og mánuði verður þema Fólks – sérblaðs Fréttablaðsins, sem kemur út á föstudögum tileinkað átakinu Íslenskt – láttu það ganga.

Þegar þú verslar á Íslandi skilar það sér aftur til þín.

ÍSL=NSKT

LÁTTU ÞAÐ GANGA

BYKO

Tilboð


**30%
AFSLÁTTUR**

Valin parket

Tilboðsverð

Earthen eik

Harðparket, 192x1285, 12mm.

3.286 kr/m²

0113642

Almennt verð: 4.694 kr/m²
Krono
Original
High Quality


Tilboð

**20%
AFSLÁTTUR**
Öll Kópal & Gjoco
innimálning
**Nýtt
blað**

Framkvæmda- tilboð

Sjáðu öll tilboðin
á byko.is

Valin parket **30%** • Valdar flísar **25-30%** • Grohe sturtu-, bað - og handlaugartæki **20%** • Loftpressur **20%**
Járnhillur **20%** • Handlaugar **20%** • Valdir stálvaskar **25%** • OS Iceland kuldagallar **20%** • Bosch og Einhell
iðnaðarryksugur **20-30%** • Bosch og Einhell málningarsprautur **20%** • Geymslubox **20%** • Ruslafötur
og flokkunartunnur **20%** • Utanhússklæðningar **30%** • Ljósaperur **20%** • Ljósaskerमार **20%**
Heimhleðslustöðvar **15%** • Pílofnar **25%** og ýmsar valdar vörur á afslætti

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

Tilboð

**25%
AFSLÁTTUR**
Pílofnar


Tilboð

**20%
AFSLÁTTUR**
Geymslubox,
ruslafötur og
flokkunartunnur


Tilboð

**20%
AFSLÁTTUR**
OS kuldagallar

BYKO

GERUM PETTA SAMAN

Verslaðu á netinu byko.is

 Pantaðu á byko.is fyrir kl. 14:00 alla virka daga og þú færð vöruna **samdægurs**
á höfuðborgarsvæðinu. Frí heimsending er á pöntunum yfir 20.000 kr




AFMÆLIS
20%
AFSLÁTTUR



FIELDING

svefnsófi

Einstaklega góður og glæsilegur svefnsófi. Bakinu hvolfst fram á einfaldan hátt, og þá kemur fram tvíbreið og góð dýna. Fáanlegur í ljós- og dökkgráu slitsterku áklæði.

Fullt verð: 199.900 kr.

Aðeins **159.992 kr.**



AFMÆLIS
30%
AFSLÁTTUR

DALBY

hægindastóll með skemli

Nettur og fallegur hægindastóll úr svörtu PU-leðri ásamt skammeli, á frábæru verði. Fáanlegur bæði með krómuðum fæti eða svörtum. Stærð: 125 x 72 H: 108 cm.

Fullt verð: 59.900 kr.

Aðeins **41.930 kr.**



AFMÆLIS
15%
AFSLÁTTUR

LICATA

hornsófi

Hornsófi River 66 Graphite áklæði. Hægri eða vinstri tunga. Svartir nettir járnfætur. Stærð: 262 x 226 x 82 cm

Fullt verð: 249.990 kr.

Aðeins **212.415 kr.**



AFMÆLIS
20%
AFSLÁTTUR

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

NATURE'S LUXURY

heilsurúm með Classic botni

Stærð í cm	Fullt verð m/Classic botni og löppum	Afmælisverð með botni og löppum
Rest Luxury 80x200	65.900 kr.	52.720 kr.
Rest Luxury 90x200	69.900 kr.	55.920 kr.
Rest Luxury 90x210	72.900 kr.	58.320 kr.
Rest Luxury 100x200	73.900 kr.	59.120 kr.
Rest Luxury 120x200	79.900 kr.	63.920 kr.
Rest Luxury 140x200	89.900 kr.	71.920 kr.
Rest Luxury 160x200	99.900 kr.	79.920 kr.
Rest Luxury 180x200	109.900 kr.	87.920 kr.

- Svæðaskipt poka-gormakerfi (20 cm háir)
- 5 misjöfn lög af svampi
- Sterkur botn
- 320 gormar á m²
- Góðar kantstyrkingar



AFMÆLIS
15%
AFSLÁTTUR*

C&J SILVER

stillanlegt rúm

* ef C&J Silver stillanlegur botn er keyptur með Nature's Rest Luxury heilsudýnu er **15% afsláttur af botni og 20% afsláttur af dýnunni.**

- C&J Silver er með sterkum stálbotni og kraftmiklum en hljóðlátum mótör.
- Rúminu fylgir þráðlaus fjarstýring með tveimur minnum og ljósi.
- Botn rúmsins dregst að vegg þannig að þú ert í eðlilegri fjarlægð frá náttborði og lampa.
- Sérstakur takki á fjarstýringunni kemur rúminu í upphaflega stöðu.

VERÐDÆMI A: 90 x 200 cm stillanlegt C&J Silver rúm með Nature's Rest Luxury heilsudýnu: Fullt verð: 168.900 kr.

Aðeins **141.570 kr.**

Afgreiðslutími Rvk
Mán. til fös. kl. 11-18
Laugardaga kl. 11-17

Holtagörðum, Reykjavík
512 6800
Smáratorgi, Kópavogi
512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100
Skeiði 1, Ísafirði
456 4566

Verð og vöruupplýsingar í bæklingnum eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda til 31. október 2020 eða á meðan birgðir endast.

Við mætum þér!

Sendum frítt
um allt land!

Verslaðu á dorma.is



SCAPA

HOUSTON hornsófi



AFMÆLIS

20%

AFSLÁTTUR


Fallegur hornsófi í Houston línunni. Sófinn fæst hægri eða vinstri (horn ófæranlegt) í tveimur litum. Armar eru meðalgrannir og sófinn frekar í nettara lagi. Houston passar í flest rými bæði hvað varðar stærð og stíl – sem er láttlaus og glæsilegur. Seta og bak sófanna eru lausar pullur sem sitja þó vel og renna ekki. Innra byrði er úr endingargóðum, kaldpressuðum svampi, þá trefjafyllingu og loks mjúku yfirlagi. Fætur sófanna eru frekar grannir en sterkir úr svörtum viði. Stærð: 270 x 210 x 85 cm

Fullt verð: 229.900 kr.

Aðeins **183.920 kr.**

Við eigum afmæli
og nú er veisla

Við sendum þér vörur frítt hvort sem þú kaupir í DORMA-verslun eða á dorma.is



AFMÆLIS
25%
AFSLÁTTUR

SIENNA
3 sæta sófi

Grátt dennis áklæði.
Viðarlitar fætur.
Fullt verð: 99.900 kr.

SIENNA
Skammel

Skammel með geymsluhólf.
Stærð: 85 x 60 x 42 cm
Fullt verð: 49.900 kr.

Aðeins **74.925 kr.**

Aðeins **37.425 kr.**

DORMA

Láttu drauminn rætast

Þú finnur
afmælisbæklinginn á www.dorma.is

STYTTU ÞÉR LEIÐ GEGNUM BÆKLINGINN OKKAR
RÚM 2-16 | Mjúkvara og dúnn 16-21 | Borð og kómmóður 22-23 | Stólar 24-25 | Sófar 26-35 | Kerti 36-37

www.dorma.is
SENDUM
FRÍTT

Hverjig
frí sending
DORMA tilfarir





BAKÞANKAR

Thomasar Möller



Kennum frumkvæði

Þegar ég rifja upp skólagöngu mína man ég hvað kennslan einkenndist oft af því að læra gamlan fróðleik utanbókar. Auðvitað er nauðsynlegt að allir læri að lesa, skrifa og reikna en þurftum við endilega að kunna skil á viðtengingarhætti þátiðar og þáskildagatið svo dæmi séu tekin? Eg man enn hvaða ár renna í Norður-Íshafið og nöfn flestra biskupa á Íslandi. Í dag finnum við svörin á Google. Námið í Versló reyndist að visu góður grunnur fyrir verkfræðinamið og þar lærði ég vélritun sem ég nota núna við gerð þessara bakþanka.

Börn sem eru að byrja í grunn-skóla í dag koma inn á vinnu-markaðinn eftir árið 2035. Ef við ætlum að undirbúa æsku landsins fyrir breytta heimsmynd þarf að kenna henni að nálgast upplýsingar á netinu. Kenna þarf gagnrýna hugsun í auknum mæli sem og áráði og aðlögunarhæfni á tímum hraðra breytinga. Að auki ætti að kenna æskunni að leysa vandamál og verkefni í teymum. Einnig ætti að stuðla að auknu frumkvæði nemenda og forvitni, skapandi hugsun og lífsleikni. Eg tek fram að margir skólar eru einmitt að kenna ofangreind fög í dag og eiga þeir þökk skilið.

Eg legg til að við fjölgum valfögum og leyfum námsfólki að ráða því meira sjálfu hvað það lærir, þannig að hæfileikar hvers nemanda nýtist. Leyfum afburðanemendum að njóta sín betur og styðjum við þá sem þurfa aðstoð. Við getum horft til reynslu Finna í þessum efnunum sem hafa fækkað skyldufögum en láta nemendur vinna meira að þemaverkefnum. Í Finnlandi geta skólar mótað sína námsskrá að mestu sjálfir enda eru námsmenn þar með einn besta námsárangur í heiminum.

Valfræsið er mikilvægara en utanbókarlærdómur að mínu mati. Eða manst þú hvað höfuðborg Sómaliu heitir? Gúglaðu það!



Sómasamlökur

★ SAMLOKURNAR OKKAR ★

— ERU BESTAR Í DAG —

FERSKT Á FERÐINI ★ FRESH TO GO



Fyrir svanga ferðalanga

Kvikk

ON THE GO



ORKAN

NOCCO
330 ML
329
KR/STK
997 KR/L



Kvikk

ON THE GO



ORKAN